FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

253. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 27. OKTÓBER 2017



Gengið verður til kosninga á morgun og frambjóðendur á lokametrum kosningabaráttunnar. Formenn og fulltrúar níu stærstu flokkanna mættu í settið hjá fréttastofu í gær til þess að ræða málefnin. Þegar kom að því að stilla sér upp fyrir ljósmyndara fann formaður Miðflokksins heststyttu sem svipaði til merkis flokksins sem vakti lukku meðal leiðtoganna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Framsókn úti á höfuðborgarsvæðinu

**Útlit er fyrir að Framsóknarflokkurinn nái ekki inn manni á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt könnun fréttastofu. Viðreisn missir báða sína þingmenn á landsbyggðinni. Flokkur fólksins nálægt því að ná einum manni inn og nýr yngsti þingmaður líklegur.**

**2017**

**KOSNINGAR** Enginn frambjóðandi Framsóknarflokksins í höfuðborgarsvæðiskjördæmunum þremur nær inn á þing og Lilja Alfreðsdóttir, varaformaður flokksins, missir sæti sitt ef marka má skoðanakönnun fréttastofu 365.

Samkvæmt könnuninni er Lilja allnokkru frá því að halda sæti sínu á þingi. Hún segir þó flokkinn eiga mikið inni. „Ég er í baráttuhug og vongóð. Á kjördag fyrir ári vorum við að mælast með fjögur prósent í Reykjavík suður en við enduðum með yfir sjö prósent og ég var inni. Nú er maður bara á fullu og heldur áfram að kynna málefnin,“ segir Lilja.

Þó verður að setja þann fyrirvara við útreikninga Fréttablaðsins að könnunin skiptir Reykjavíkurkjördæmunum ekki í tvennt og er því ekki útilokað að fylgið sé mismunandi á milli kjördæma. Jafnframt er úrtakið í landsbyggðarkjördæmunum minna en á höfuðborgarsvæðinu og vikmörkin því hærri. Þá getur minnsta sveifla breytt því hverjir fá jöfnunarsæti.

Öfugt við Framsóknarflokkinn stefnir í að Viðreisn nái ekki inn mönnum í landsbyggðarkjördæmunum þremur. Myndu Benedikt Jóhannesson, fyrrverandi formaður, og Jóna Sólveig Elínardóttir varaformaður því missa sæti sín. Hins vegar myndu allir þingmenn flokksins í höfuðborgarsvæðiskjördæmunum halda sætum sínum samkvæmt könnuninni.

Athygli vekur að þótt Flokkur fólksins mælist úti á landsvísu, undir fimm prósenta þröskuldinum og því án möguleika á jöfnunarþingmanni, vantar bara örfá atkvæði til þess að oddviti hans í Suðurkjördæmi, Karl Gauti Hjaltason, nái inn. Samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins sem byggjast á könnuninni vantar einungis 23 atkvæði þar upp á og er því sannarlega mjótt á munum.

Svo gæti einnig farið að Rúnar Gíslason, frambjóðandi Vinstri grænna í Norðvesturkjördæmi, setji Íslandsmet og verði yngsti kjörni þingmaður lýðveldissögunnar. Rúnar er fæddur árið 1996 en hann mælist inni með einungis einu atkvæði meira en Teitur Björn Einarsson, frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins. – **þea**

## Sálfræðingur í bæjarstjórnina

**MOSFELLSBÆR** Sigrún Pálsdóttir og Hildur Margrétardóttir, aðal- og varamenn Íbúahreyfingarinnar í bæjarráði Mosfellsbæjar, saka bæjarstjóra Mosfellsbæjar og aðra bæjarfulltrúa um einelti í sinn garð og annarra í Íbúahreyfingunni.

Málið var tekið fyrir á fundi bæjarráðs í gær. Óskaði bæjarfulltrúi Íbúahreyfingarinnar, Sigrún Pálsdóttir, eftir því að fenginn yrði vinnusálfræðingur sem hlotið hefði viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins til að gera úttekt á samskiptum fulltrúa í bæjarráði og bæjarstjórn Mosfellsbæjar og honum falið að gera áætlun um úrbætur.

„Ég hef þurft að sitja undir þessu í þrjú ár, hvern fundinn á fætur öðrum. Það er verið að uppnefna mann og rjúka út af fundum og sýna mikla bræði,“ segir Sigrún. – **sa** / sjá síðu 4

## Fréttablaðið í dag



**SKOÐUN** Bergur Ebbi skrifar um félög, flokka og rjómasprautur. 17

**MENNING** Fyrrverandi hjónin Margrét Jónsdóttir og Bjarni H. Þórarinsson sýna saman. 30

**LÍFIÐ** Það verður kosningapartí á Íslendingabarnum á Tenerife. 42

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Allhvöss eða hvöss vestanátt með rigningu í dag, en stormur austur af Öræfajökli fram eftir degi. Talsverð úrkoma um tíma norðvestanlands. Hægari vindur og úrkomulítið síðdegis. SJÁ SÍÐU 28

# Baktus loksins gjaldgengur á Stofunni eftir áralangt bann



Aðalspaði miðbæjarins, kötturinn Baktus, hefur verið leystur úr áralöngu banni sem heilbrigðisyfirvöld hneppti hann í síðla árs 2013, þegar hann var gerður útlægur af Stofunni, uppáhaldskaffihúsinu sínu, vegna meintrar ógnar við heilsu annarra gesta kaffihússins. Með gildistöku breytingar á reglugerð getur Baktus notið sín aftur meðal gesta kaffihússins og þegið klapp og kjass eins og hann átti að venjast áður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Ekki ætlunin að undanskilja iðnnema

**STJÓRNSÝSLA** „Mér þykir einboðið að þetta þurfi að laga. Ég hef skoðað hvort sé hægt að laga þetta með reglugerð en sýnist að ekki verði bætt úr nema með lagabreytingu,“ segir Sigríður Andersen dómsmálaráðherra.

Fréttablaðið greindi frá því í dag að víetnömsk kona, Chuong Le Bui, sem býr á Íslandi og er í matreiðslunámi, hefur fengið bréf frá Útlendingastofnun þess eðlis að henni verði gert að yfirgefa landið. Ástæðan er sú að í nýjum Útlendingalögum, sem tóku gildi 1. janúar síðastliðinn, er iðnnám ekki skilgreint sem nám. Í eldri lögum var iðnnám hins vegar tilgreint.

„Það er ljóst eftir því sem ég hef heyrt að sú skilgreining sem kemur fram á námi er of þröng og miklu þrengri en löggjafarviljinn stóð til. Það var aldrei rætt um það að þrengja þetta þannig að iðnnámið myndi ekki falla undir nám í skilningi útlendingalaga.“



**Sigríður Andersen dómsmálaráðherra**

Sigríður segir að nýju útlendingalögunum hafi verið breytt eftir því sem reynsla hefur komið á þau. Meðal annars hafi lögunum verið breytt undir lok síðasta þings þegar kom í ljós að skiptinemar á menntaskólastigi féllu milli skips og bryggju í lagatextanum.

„Það er mikilvægt að menn geti stundað iðnnám til jafns við háskólanám. Það stendur ekki annað til, af minni hálfu í það minnsta, en að löggjafinn lagfæri þetta,“ segir Sigríður.

Ákvörðun Útlendingastofnunar um að vísa Chuong Le Bui úr landi hefur verið kærð til kærunefndar Útlendingastofnunar. Henni verður ekki vísað brott fyrr en niðurstaða fæst frá nefndinni. **– jhh**

## Flugvélabensín dýrt á Akureyri

**FERÐAÞJÓNUSTA** Markaðsstofa Norðurlands og flugklasinn AIR 66N segja enn vera hindranir í veginum fyrir beinu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll. Meðal annars sé eldsneyti fyrir flugvélar í millilandaflugi dýrara á Akureyri en í Keflavík.

„Ástæðan er sú að kostnaði við flutning á eldsneytinu, sem er öllu skipað upp í Helguvík, er bætt ofan á grunnverð og þannig verður eldsneytið dýrara eftir því sem lengra dregur frá Helguvík,“ útskýra markaðsstofan og AIR 66N í bréfi til sveitarfélagsins Skagafjarðar. Ná þurfi meiri dreifingu ferðamanna um landið. Til þess þurfi að byggja upp fleiri áfangastaði fyrir millilandaflug en Keflavík. „Nú í janúar og febrúar mun ferðaskrifstofan Super Break í Bretlandi fljúga tvisvar í viku frá Bretlandi til Akureyrar, samtals fjórtán flug á sjö vikum.“ **– gar**

# Gestrisni bóndinn erfir ekki flótta Sigmundar

**Framsóknarbóndinn á Hrafnabjörgum í Jökulsárhlíð erfir það ekki við Sigmund þó hann hafi sagt skilið við flokkinn og stofnað Miðflokkinn. Forsætisráðherranum fyrrverandi sé enn velkomið að skrá lögheimili sitt á bæ hans.**

**MANNLÍF** „Við Sigmundur höfum frá upphafi hans í pólitík alltaf verið samherjar,“ segir Jónas Guðmundsson, bóndi á Hrafnabjörgum í Jökulsárhlíð sem hefur verið ein umtalaðasta jörð stjórnmálanna hin síðari ár. Ástæðan er sú að vorið 2013 flutti Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, þáverandi formaður Framsóknarflokksins, lögheimili sitt á bæinn Hrafnabjörg 3 og bauð sig fram í Norðausturkjördæmi. Jónas tók fagnandi á móti foringjanum þá enda ætíð verið mikill Framsóknarmaður.

Þrátt fyrir að vera langt í frá einsdæmi í íslenskum stjórnmálum þá vakti lögheimilisskráning Sigmundar Davíðs mikla athygli á sínum tíma og töluvert um hana fjallað í fjölmiðlum enda heldur Sigmundur heimili í reisulegu húsi í Garðabæ.




**Þótt Sigmundur Davíð hafi sagt skilið við Framsókn er hann enn velkominn á Hrafnabjörgum með lögheimilisskráningu sína.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fréttablaðinu lék forvitni á að vita hvort afstaða Framsóknarmannsins Jónasar á Hrafnabjörgum til lögheimilisskráningar Sigmundar á bæ hans hefði eitthvað breyst í ljósi þess að hann hefur nú stofnað Miðflokkinn og hoggið skarð í raðir Framsóknarflokksins og fylgi hans. Jónas hlær dátt þegar blaðamaður ber upp erindið. Segir hann Sigmund ávallt velkominn enda þeir ávallt verið samherjar, þó bóndinn hafi ekki gengið jafn langt og margir flokksfélagar hans og skráð sig úr Framsóknarflokknum. Römm er sú taug.

„Ég hef nú ekkert gert í því að segja mig úr Framsókn og ganga í nýja flokkinn en við erum jafn miklir félagar fyrir því. Sigmundur er enn velkominn hér og er auðvitað skráður á framboðslista hér í kjördæminu. Þetta hefur allt sinn gang eins og gengur og þegar menn lenda svona illilega upp á kant þá getur komið upp erfið staða,“ segir Jónas um brotthvarf Sigmundar úr Framsókn.

> **Ég hef nú ekkert gert í því að segja mig úr Framsókn og ganga í nýja flokkinn en við erum jafn miklir félagar fyrir því.**
>
> Jónas Guðmundsson, bóndi á Hrafnabjörgum í Jökulsárhlíð

En hefur Sigmundur komið í heimsókn á lögheimili sitt nýlega?

„Já, ég verð að segja frá því að það er svona hálfur mánuður síðan hann kíkti hérna við hjá mér.“

Aðspurður hvort hann sé nokkuð farinn að rukka foringjann um leigu nú þegar hann er horfinn úr Framsóknarflokknum hlær Jónas.

„Nei, nei. Það er mér að meinalausu þótt hann sé með lögheimili hjá mér,“ segir þekktasti lögheimilisgestgjafi landsins að lokum léttur í bragði. **mikael@frettabladid.is**

Jóhann Ólafsson & Co

Rafvirkjar
LED lampar



Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
olafsson.is

LEDVANCE OSRAM

GILDIR 27.10.17 - 30.10.17

# TAX FREE




## AF ÖLLUM VÖRUM

## ALLA HELGINA Í ÖLLUM BÚÐUM

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM VÖRUM. TAX FREE TILBOÐ JAFNGILDIR 19,35% AFSLÆTTI. AFSLÁTTURINN ER Á KOSTNAÐ RÚMFATALAGERSINS. VIRÐISAUKA ER AÐ SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ TIL RÍKISSJÓÐS.

RÚMFATALAGERINN ER Á 5 STÖÐUM: SKEIFUNNI - SMÁRATORGI - GRANDA - AKUREYRI - SELFOSSI

# Fjórir fréttamenn á 365 dæmdir til að greiða tæpar tvær milljónir

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær ummæli fjögurra fréttamanna fréttastofu 365, sem Fréttablaðið tilheyrir, dauð og ómerk. Fréttamennirnir voru jafnframt dæmdir til að greiða tveimur mönnum miskabætur, samtals 1,9 milljónir króna. Ummælin sem um ræðir eru úr fréttum um hið svokallaða Hlíðamál.

Í nóvember 2015 greindi blaðið frá meintri nauðgun í íbúð í Hlíðunum sem var sögð útbúin til nauðgana.

Fréttamennirnir eru Nadine Guðrún Yaghi, Stefán Rafn Sigurbjörnsson, Þórhildur Þorkelsdóttir og Heimir Már Pétursson. Var Nadine gert að greiða hæstu bæturnar, 700.000 krónur hvorum manni um sig. Þórhildi var gert að greiða öðrum manninum 100.000 krónur og hinum 200.000 krónur en Heimi og Stefáni var gert að greiða hvorum manni 50.000 krónur.

Kristín Þorsteinsdóttir, aðalritstjóri 365, segir að málinu verði áfrýjað. Í leiðara Fréttablaðsins segir hún að það sé orðin þekkt tækni í sambærilegum málum að einblína á smáatriði, sem mögulega séu röng, og þannig beina athygli frá stóru myndinni.

„Starfsumhverfi fjölmiðla er eitt, en annað og verra við niðurstöðu héraðsdóms eru þau skilaboð sem send eru þolendum kynferðisbrota og fordæmið sem sett er varðandi umfjöllun um kynferðisbrot," segir í leiðaranum. – þea



Kristín Þorsteinsdóttir, aðalritstjóri 365, og Nadine Guðrún Yaghi fréttamaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Á Breiðdalsvík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Vilja sameinast Fjarðabyggð

**SVEITARSTJÓRNIR** Breiðdalshreppur hefur óskað eftir við Fjarðabyggð að kannaðir verði möguleikar á sameiningu sveitarfélaganna. Sveitarstjórn hreppsins samþykkti þetta samhljóða.

Bæjarráð Fjarðabyggðar hefur tekið jákvætt í erindið og vísar meðal annars í fyrirliggjandi skýrslu Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri sem ber heitið Breiðdalshreppur – samfélagsgreining og sameiningarkostir. Verði af viðræðum milli sveitarfélaganna þarf að kjósa sérstaka samstarfsnefnd um málið.

Íbúar í Breiðdalshreppi eru 182 en um 4.700 manns búa í Fjarðabyggð. – gar

## Assad-liðar vörpuðu saríngasi

**SÝRLAND** Ríkisstjórn Bashars al-Assad í Sýrlandi er ábyrg fyrir efnavopnaárás sem gerð var á Khan Sheikhoun þar í landi í apríl. Sameinuðu þjóðirnar komust að þessari niðurstöðu í gær en um var að ræða árás þar sem herinn varpaði saríngasi á almenna borgara og felldi að minnsta kosti 74.

Assad-liðar hafa alla tíð neitað þessu og forsetinn sagt að herinn hafi aldrei gert árás á bæinn. Gefið var í skyn að efnavopnaframleiðsla uppreisnarmanna hafi sprungið á svæðinu. Saríngas er tuttugu sinnum banvænna en blásýra. – þea

# Vilja fá vinnustaðasálfræðing í bæjarstjórn Mosfellsbæjar

**Bæði aðal- og varamaður Íbúahreyfingarinnar í Mosfellsbæ telja sig verða fyrir einelti af hálfu annarra bæjarfulltrúa og bæjarstjóra. Bæjarstjóri vísar því alfarið á bug. Málið tekið fyrir á síðasta fundi bæjarráðs.**

**MOSFELLSBÆR** Sigrún Pálsdóttir og Hildur Margrétardóttir, aðal- og varamenn Íbúahreyfingarinnar í bæjarráði Mosfellsbæjar, saka bæjarstjóra Mosfellsbæjar og aðra bæjarfulltrúa um einelti í sinn garð og annarra í Íbúahreyfingunni.

Málið var tekið fyrir á fundi bæjarráðs í gær. Óskaði bæjarfulltrúi Íbúahreyfingarinnar, Sigrún Pálsdóttir, þess að fenginn yrði vinnusálfræðingur sem hlotið hefði viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins til að gera úttekt á samskiptum fulltrúa í bæjarráði og bæjarstjórn Mosfellsbæjar og honum falið að gera áætlun um úrbætur. Tilefnið er bréf sem Hildur Margrétardóttir ritaði eftir upplifun sína af bæjarráðsfundi þann 12. október. Á bæjarstjóri að hennar mati að hafa viðhaft eineltistilburði.

Sigrún, aðalmaður hreyfingarinnar, sem sat ekki umræddan fund, segir einelti hafa viðgengist allt kjörtímabilið. „Ég hef þurft að sitja undir þessu í þrjú ár, hvern fundinn á fætur öðrum. Það er verið að uppnefna mann og rjúka út af fundum og sýna mikla bræði. Þetta er slítandi og streituvaldandi," segir Sigrún.

Í Bréfi Hildar er farið yfir málavöxtu. „Mér var illa misboðið á síðasta bæjarráðsfundi þar sem ég sat sem varamaður fyrir fulltrúa okkar í Íbúahreyfingunni. Hegðun nefndarmanns meirihlutans var með engu sæmandi á vettvangi bæjarráðs," skrifar Hildur í bréfi sem lagt var fram á bæjarráðsfundi Mosfellsbæjar í gær. Að sögn Sigrúnar var það bæjarstjóri í þessu tilfelli sem viðhafði meint einelti.

Tillaga Sigrúnar um að fá vinnusálfræðing var felld og bókuðu fulltrúar Vinstri grænna, Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks um málið. Telja þau samskiptin eðlileg og ósk um áminningu væru innistæðulaus.



Erfiðlega hefur gengið að slíðra sverðin milli Íbúahreyfingarinnar og annarra bæjarfulltrúa í Mosfellsbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Ég rauk ekki á dyr eða fór í fússi af fundi. Þetta var ekki einelti. Samskiptin eru hins vegar ekki góð milli þessa eina bæjarfulltrúa og hinna átta.
>
> Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar



„Samkvæmt mínum bókum var ekki um einelti að ræða," segir Anna Sigríður Guðnadóttir, oddviti Samfylkingarinnar, sem situr í minnihluta bæjarstjórnar.

Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, vísar því alfarið á bug að hér sé um einelti að ræða. „Það kom upp tillaga um móttöku flóttamanna. Bæjarráð var einhuga um að taka jákvætt í erindið. Síðan kom tillaga frá Íbúahreyfingunni sem gekk á skjön við það sem bæjarráð var búið að ræða um. Ég kallaði það popúlisma," segir Haraldur. „Ég rauk ekki á dyr eða fór í fússi af fundi. Þetta var ekki einelti. Samskiptin eru hins vegar ekki góð milli þessa eina bæjarfulltrúa og hinna átta og hefur verið þannig allt kjörtímabilið, en einelti heitir það ekki."

„Eineltishegðun þess sem valdið hefur og meðvirkni annarra nefndarmanna sést á því að nefndarmenn taka þátt í að smætta, uppnefna eða með öðrum leiðum tala illa um, og til, fulltrúa Íbúahreyfingarinnar," segir í bréfi fulltrúa Íbúahreyfingarinnar. „Við munum ekki hætta og höfum ákveðið að fara með þetta til Vinnueftirlitsins," segir Sigrún, bæjarfulltrúi Íbúahreyfingarinnar.

Haraldur segir augljóst að hér sé um pólitískt upphlaup að ræða. „Ef viðkomandi telur um einelti að ræða á að kalla til eineltisteymi bæjarins sem bæjarfulltrúinn veit af. Hér er verið að koma pólitísku höggi á meirihlutann og ekki gott að nota eineltishugtakið með þeim hætti," segir Haraldur.

sveinn@frettabladid.is




TAX
FREE
DAGAR
AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM
26.-29. OKTÓBER
*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




Einstök 9 nátta ferð þar sem farþegum gefst kostur á að njóta lífsins á einstaklega fallegum hótelum sem standa við strandlengju Marokkó. Á hótelunum er frábær aðstaða til að næra sál og líkama í fullkominni slökun, dekri og vellíðan - allt eftir því hvað hver og einn kýs.


PARADIS PLAGE ☺☺☺☺


ROYAL ATLAS ☺☺☺☺+

Flogið er beint til Agadir í Marokkó og dvalið fyrstu 6 næturnar á Paradis Plage Surf Yoga & Spa Resort og síðustu 3 næturnar á Hotel Royal Atlas Agadir. Á Paradise Plage Surf Yoga & Spa 4* er kjörið að njóta lífsins og alls hins besta sem hótelið hefur uppá að bjóða í mat, drykk og afþreyingu.


JÓGA 12.500/mann


JÓGA & DEKUR 23.000/mann


BRIMBRETTI & JÓGA 23.000/mann


ALLUR PAKKINN 36.000/mann

Á Paradise Plage er boðið upp á jóga, nudd, tyrknesk böð og ýmsar heilsu- og nuddmeðferðir. Fyrir þá sem vilja sörfa en eru óvanir þá er hér í boði brimbrettakennsla. Unnt er að bæta við bókun á ferðinni dásamlegum 5 daga afþreyingarpökkum: **Jóga** með 5x90 mín. jógatímum. **Jóga & Dekur** með 5x75 mín. jógatímum, 2 arabískum böðum, 1 kornmaska og 2 slökunarnuddum 25/50 mín. **Brimbrettaskóli** með 5x90 mín. brimbrettatímum. **Brimbretti & Jóga** með 5x90 mín. brimbretta- og jógatímum. **Brimbretti, jóga og dekur** með 5x90 mín. brimbretta- og jógatímum ásamt 2 arabískum ilmolíuböðum, 2 arabískum gufuböðum og 2x25 mín. nuddum.

Síðari hluta ferðarinnar er dvalið á Royal Atlas Agadir 4*+ í Agadir, sem er stærsti sólstrandarstaður Marokkó. Í Agadir er að finna gullna strandlengju eins langt og augað eygir en á þessum fallega stað skín sólin um 300 daga á ári.

**Frá kr. 197.895 m/morgunmat & hálfu fæði skv. ferðalýsingu**
Netverð á mann frá kr.197.895 m.v. 2 í herbergi.
Innifalið: Flug, skattar, gisting í 6 nætur á Hotel Paradis Plage Surf Yoga & Spa Resort 4* m/hálfu fæði og 3 í nætur á Hótel Royal Atlas Agadir 4*+ m/morgunmat. Akstur til og frá flugvelli og á milli áfangastaða. Íslensk fararstjórn miðað við lágmarksþátttöku 20 manns.

Heimsferðir
– fáðu meira út úr fríinu


## Konungleg útför



Útför Rama níunda Taílandskonungs, eða Bhumibol Adulyadej, fór fram í höfuðborginni Bangkok í gær. Adulyadej lést þann 13. október á síðasta ári, 88 ára að aldri, og hafði þá ríkt í sjötíu ár. Gríðarlega margir sóttu útförina en konungurinn var brenndur. Duftkeri hans var ekið á þessum vagni í gegnum miðborgina. NORDICPHOTOS/AFP

# Lögbannið á Stundina í gildi mánuðum saman

**Lögbann á fréttaflutning Stundarinnar mun að óbreyttu vara í marga mánuði. Lagaákvæði um flýtimeðferð fyrir dómstólum eiga ekki við. Lögfræðingar telja rétt að ákvörðun um lögbann verði færð frá framkvæmdarvaldinu til dómstóla.**

**DÓMSMÁL** Þrátt fyrir að flestir lögfræðingar sem tjáð sig hafa um lögbann á fréttaflutning Stundarinnar telji einsýnt að því verði hnekkt fyrir dómstólum geta margir mánuðir liðið áður en úr því verður endanlega skorið með dómi. Á meðan gildir bannið. Í máli sem Jónína Benediktsdóttir höfðaði gegn blaðamanni Fréttablaðsins og 365-prentmiðlum ehf. árið 2005 var kröfu um staðfestingu á lögbanni synjað á báðum dómstigum. Þrátt fyrir að héraðsdómur hafi synjað kröfu Jónínu um staðfestingu lögbannsins stóð bannið óhaggað allt þar til niðurstaða Hæstaréttar lá fyrir tæpu hálfu ári síðar. Hæstiréttur staðfesti þá niðurstöðu héraðsdóms um að skilyrði lögbannsins hefðu ekki verið uppfyllt. Málsmeðferðin tók átta mánuði og lögbannið var í fullu gildi allan þann tíma.

Lögfræðingar sem Fréttablaðið hefur rætt við segja ákvæði um flýtimeðferð í lögum um meðferð einkamála ekki taka til lögbanns á fréttaflutning enda er það eingöngu sá sem höfðar mál sem óskað getur flýtimeðferðar, í því tilviki sem hér um ræðir sá aðili sem höfðar mál til staðfestingar á lögbanni, en ekki sá sem þola þarf lögbannið.

Aðspurð um málshraða þessara mála og málsmeðferð segir Sigríður Rut Júlíusdóttir, lögmaður Stundarinnar, að rétt væri að færa valdið til að leggja lögbann á fréttaflutning frá sýslumanni til dómstóla.

„Við mat á því hvort takmarka eigi tjáningu þarf sá sem vill takmarka tjáninguna að sýna fram á knýjandi samfélagslega þörf til takmörkunarinnar. Ekki er gerð sambærileg krafa að lögum að sá sem tjáir sig þurfi að sýna fram á knýjandi samfélagslega þörf til tjáningarinnar,“ segir Sigríður Rut og bætir við: „Í stað þess að lögin kveði á um að beiðni sé beint til sýslumanns ættu lögin að kveða á um að henni sé beint til héraðsdóms og dómara verði þannig falið að meta þetta út frá ákvæðum sem gilda um lögbann með hliðsjón af ákvæði stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi.“

Sigríður Rut segir stóraukið réttaröryggi felast í því að færa vald til að leggja lögbann á fjölmiðlaumfjöllun frá fulltrúa framkvæmdarvalds til dómstóla og vísar til mikilvægis réttinda fjölmiðla til að miðla fréttum og skyldu þeirra til að upplýsa almenning. **adalheidur@frettabladid.is**



Höfuðstöðvar Glitnis voru við Kirkjusand. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Atburðarás

| | Glitnir HoldCo gegn Stundinni | Jónína Benediktsdóttir gegn prentmiðlum 365 |
|---|---|---|
| Fréttir úr gögnum | 6.-13. október 2017 | 24. – 26. september 2005 |
| Lögbannsbeiðni lögð fram | 13. október 2017 | 29. september 2005 |
| Lögbann lagt á | 16. október 2017 | 30. september 2005 |
| Stefna birt | 23. október 2017 | 6. október 2005 |
| Þingfesting máls | 31. október 2017 | 11. september 2005 |
| Dómur í héraði | ? | 14. desember 2005 |
| Dómur í Hæstarétti | ? | 1. júní 2006 |
| Lögbanni aflétt | ? | 1. júní 2006 |




**Aðalsteinn Baldursson**
formaður verkalýðsfélagsins Framsýnar
**Andrea Sigríður Jónsdóttir**
dagskrárgerðarkona
**Anna Dóra Sæþórsdóttir**
prófessor
**Árni Stefán Jónsson**
formaður SFR og varaformaður BSRB
**Ásdís Benediktsdóttir**
bóksali
**Ásdís Skúladóttir**
leikstjóri
**Ásdís Thoroddsen**
leikstjóri og rithöfundur
**Auður Jörundsdóttir**
framkvæmdastjóri
**Benni Hemm Hemm**
tónlistarmaður og kennari
**Björgvin Gíslason**
tónlistarmaður
**Björk Brynjarsdóttir**
feministi
**Björn Halldórsson**
bóndi Vopnafirði
**Bryndís Björgvinsdóttir**
rithöfundur og þjóðfræðingur
**Dofri Hermannsson**
leikari
**Dýri Jónsson**
framkvæmdastjóri
**Einar Már Guðmundsson**
rithöfundur
**Einar Scheving**
tónlistarmaður
**Eiríkur Rögnvaldsson**
prófessor
**Elín Sigríður Grétarsdóttir**
hjúkrunarfræðingur
**Ellý Katrín Guðmundsdóttir**
lögfræðingur
**Gerður Kristný**
rithöfundur
**Gestur Ásólfsson**
rafvirki
**Guðmundur Ólafsson**
leikari og rithöfundur
**Guðný Dóra Gestsdótti**
safnstjóri
**Guðrún Agnarsdóttir**
læknir
**Guðrún Eva Mínervudóttir**
rithöfundur, Hveragerði
**Guðrún Hálfdánardóttir**
sauðfjárbóndi á Söndum Miðfirði
**Halla Sigríður Steinólfsdóttir**
bóndi Ytri-Fagradal
**Halldóra Geirharðsdóttir**
leikkona
**Hallveig Rúnarsdóttir**
óperusöngkona
**Helgi Hlynur Ásgrímsson**
bóndi og sjómaður Borgarfirði eystri
**Hilmir Snær Guðnason**
leikari
**Hrafnkell Lárusson**
sagnfræðingur Akureyri
**Hrefna Björg Gylfadóttir**
nemi við Kaospilot
**Ísold Uggadóttir**
kvikmyndaleikstjóri
**Jóna Hlíf Halldórsdóttir**
formaður SÍM
**Júlía Runólfsdóttir**
grafískur hönnuður
**Karl Kristjánsson**
bóndi Kambi Reykhólasveit
**Kjartan Ragnarsson**
Forstöðumaður, Landnámssetrinu Borgarnesi
**Kött Grá Pje**
rithöfundur
**Kristín Ástgeirsdóttir**
fyrrv. Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu
**Kristín Steinsdóttir**
rithöfundur
**Kristján Kristjánsson**
KK tónlistarmaður
**Lára Guðrún Jóhönnudóttir**
háskólanemi og baráttukona
**Lilja Birgisdóttir**
listakona
**Magnús Karl Magnússon**
prófessor við læknadeild HÍ
**Margrét Pétursdóttir**
verkakona
**María Anna Garðarsdóttir**
háskólakennari
**María Kristjánsdóttir**
leiklistargagnrýnandi
**Maríanna Clara Lúthersdóttir**
leikkona
**Mikael Torfason**
rithöfundur
**Njörður P. Njarðvík**
prófessor og rithöfundur
**Ólafur Guðmundsson**
verkamaður Grundarfirði
**Olga Guðrún Árnadóttir**
rithöfundur
**Pétur Örn Guðmundsson**
tónlistarmaður
**Ragnheiður Gröndal**
tónlistarkona
**Ragnhildur Richter**
framhaldsskólakennari
**Reynir Jónasson**
organisti
**Róbert Marshall**
fyrrv. alþingismaður
**Sara Stef Hildardóttir**
upplýsingafræðingur og forstöðukona bókasafns HR
**Sigríður Eir Zophoníasardóttir**
sviðshönnuður og tónlistarkona
**Sigríður Guðmundsdóttir**
Landnámssetrið Borgarnesi
**Sigríður Thorlacius**
söngkona
**Sigrún Helgadóttir**
náttúrufræðingur
**Sigþrúður Silju Gunnarsdóttir**
ritstjóri
**Silja Hauksdóttir**
leikstjóri
**Stefán Arnórsson**
prófessor emeritus í jarðefnafræði
**Steindór Grétar Jónsson**
alþjóðastjórnmálafræðingur
**Steinunn Rögnvaldsdóttir**
kynjafræðingur
**Steinunn Stefánsdóttir**
þýðandi
**Svanhildur Jónsdóttir**
bóndi í Flatey á Breiðafirði
**Svavar Hrafn Svavarsson**
prófessor
**Tryggvi Ólafsson**
listmálari
**Ugla Egilsdóttir**
nemi
**Una Torfadóttir**
nemi
**Vala Höskuldsdóttir**
tónlistarkona og leikstjóri
**Valdimar Halldórsson**
framkvæmdastjóri Hvalasafnsins á Húsavík
**Vésteinn Ólason**
**Vigdís Rún Jónsdótttir**
listfræðingur og verkefnisstjóri menningarmála Eyþingi
**Vilborg Davíðsdóttir**
rithöfundur
**Þorgrímur Guðbjartsson**
bóndi á Erpsstöðum
**Þorsteinn Ólafsson**
dýralæknir Selfossi
**Þórunn Hreggviðsdóttir**
skurðhjúkrunarfræðingur
**Þórunn Ólafsdóttir**
stofnandi og formaður Akkeris
**Þórunn Sigurðardóttir**
leikstjóri
**Þröstur Brynjarsson**
kennari
**Þuríður Pétursdóttir**
líffræðingur

**NÝIR TÍMAR**
**NÝ FORYSTA!**

## Mögulegir þingmeirihlutar

Samkvæmt könnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis sem gerð var 23. og 24. október 2017. Skipting þingsæta milli flokkanna er byggð á svokallaðri D'Hondt reiknireglu.

### MEIRIHLUTASAMSTARF ÞRIGGJA FLOKKA

Þriggja flokka meirihluti verður ekki myndaður án Sjálfstæðisflokksins, sem fengi 17 þingmenn. VG fengi 14 menn, Samfylkingin 10. Miðflokkurinn fengi 7 þingmenn, Píratar 6, Viðreisn 5 og Framsóknarflokkurinn 4.

**Sjálfstæðisflokkurinn (17), Vinstri græn (14) og Samfylkingin (10)**

Þingmenn: **41**





**Miðflokkurinn (7)** í stað Samfylkingarinnar

Þingmenn: 38



**Píratar (6)** í stað Samfylkingarinnar

Þingmenn: 37



**Viðreisn (5)** í stað Samfylkingarinnar

Þingmenn: 36



**Framsóknarflokkurinn (4)** í stað Samfylkingarinnar

Þingmenn: 35

**Sjálfstæðisflokkurinn (17), Samfylkingin (10) og Miðflokkurinn (7)**

Þingmenn: **34**





**Píratar (6)** í stað Miðflokksins

Þingmenn: 33



**Viðreisn (5)** í stað Miðflokksins

Þingmenn: 32

> Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki gengist við eða talað um að hér hafi orðið nokkur siðferðisbrestur eða rof á trausti milli þjóðar og þings.
>
> Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar

**Sjálfstæðisflokkurinn sækir á**

Sagnfræðiprófessorinn Guðmundur Hálfdánarson segir mikið flökt á fylgi flokka í könnunum en það hefur vakið athygli hans hversu mikið Sjálfstæðisflokkurinn hefur unnið á í könnunum. Það fylgir auðvitað mynstrinu frá síðustu kosningum. „Á lokametrunum sigur fylgið til Sjálfstæðisflokksins. Þeir fengu miklu betri kosningu síðast en allar skoðanakannanir gerðu ráð fyrir,“ sagði Guðmundur í samtali við Vísi í gær.

Spurður hver ástæðan geti verið fyrir þessu svarar Guðmundur að hann haldi nú að þessi kosningabarátta í ár hafi ekki sannfært marga um eitt eða neitt. „Þetta virðist vera þetta mengi Sjálfstæðisflokksins sem á mikið fylgi og hefur verið stærsti flokkurinn á Íslandi svona gegnumgangandi áratugum saman.“

„VG er enn í bestri stöðu til að mynda ríkisstjórn. Samfylking kemur sterk inn. Hinir flokkarnir þrír munu hefja kapphlaupið um leið og fyrstu tölur verða birtar. Framsókn gæti þó orðið það löskuð eftir kosningar að hún fari hægt af stað en endaspretturinn verður þeim mun betri,“ segir Baldur Þórhallsson, prófessor við HÍ, í samtali við Vísi. Kapphlaup geti orðið milli Viðreisnar, Pírata og Framsóknarflokksins um að komast í stjórn með VG og Samfylkingunni.

### FJÖGURRA FLOKKA STJÓRNIR ÁN SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

**Vinstri græn (14), Miðflokkurinn (7) Píratar (6) og Viðreisn (5)**

Þingmenn: **32**



**Vinstri græn (14), Samfylkingin (10), Miðflokkurinn (7) og Píratar (6)**

Þingmenn: **37**



**Vinstri græn (14), Samfylkingin (10), Viðreisn (5) og Framsóknarflokkurinn (4)**

Þingmenn: **33**



**Vinstri græn (14), Samfylkingin (10), Miðflokkurinn (7) og Viðreisn (5)**

Þingmenn: **36**



**Vinstri græn (14), Samfylkingin (10) Píratar (6) og Framsóknarflokkurinn (4)**

Þingmenn: **34**



**Vinstri græn (14), Samfylkingin (10), Miðflokkurinn (7) og Framsóknarflokkurinn (4)**

Þingmenn: **35**








# Flókið að mynda stjórn

**Það stefnir í fjölflokkastjórn að loknum kosningum. Prófessor í stjórnmálafræði segir stefna í að Framsóknarflokkurinn og Viðreisn geti orðið í lykilstöðu.**

**2017**



**Eiríkur Bergmann, prófessor, segir líklegustu niðurstöðuna eftir kosningar vera fjögurra flokka samstarf til vinstri.** FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR SVEINSSON

**STJÓRNMÁL** Átta möguleikar eru á myndun þriggja flokka ríkisstjórna miðað við niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis sem birt var í gær. Í öllum tilfellum þyrfti Sjálfstæðisflokkurinn að koma að myndun slíkrar stjórnar. Sú þriggja flokka stjórn sem hefði mestan þingstyrk væri stjórn Sjálfstæðisflokksins með VG og Samfylkingunni. Hún myndi hafa 41 þingmann að baki sér.

Myndun slíkrar ríkisstjórnar er þó ekki efst á óskalistanum hjá forystumönnum Vinstri grænna og Samfylkingarinnar. „Við viljum mynda ríkisstjórn frá vinstri og inn á miðjuna, segir Svandís Svavarsdóttir, þingmaður VG.

Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, hefur lýst svipuðum skoðunum og Svandís.

„Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki gengist við eða talað um að hér hafi orðið nokkur siðferðisbrestur eða rof á trausti milli þjóðar og þings í mjög stórum málum og hefur hrist hausinn við stórum málum eins og stjórnarskrá og þjóðaratkvæðagreiðslu um ESB. Ofan í kaupið bætast svo efnahagstillögur sem teikna upp framtíð sem er algjörlega andstæð því sem við stefnum að,“ sagði Logi í samtali við Fréttablaðið í fyrradag.

Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst, segir líklegustu niðurstöðuna eftir kosningar vera fjögurra flokka samstarf til vinstri. „Þó svo að það gæti auðvitað líka verið eitthvað þvíumlíkt í spilunum hægra megin þá held ég að það sé nú ólíklegra,“ sagði Eiríkur Bergmann í hádegisfréttum Bylgjunnar í gær.

Þar benti Eiríkur á að fjögurra flokka stjórn Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins, Framsóknarflokksins og Viðreisnar, sem hefði 33 þingmenn, gæti vel komist á.

Eiríkur sagði stefna í að Framsóknarflokkurinn og Viðreisn verði í lykilstöðu eftir kosningar. „Það verður erfitt að mynda ríkisstjórnir að afloknum kosningum án þessara flokka, sem geta farið í báðar áttir.“

jonhakon@frettabladid.is

DACIA

# DACIA LOGAN

## NÝ OG ENDURBÆTT INNRÉTTING - BAKKMYNDAVÉL
## SPARNEYTINN - HLAÐINN BÚNAÐI - GÓÐUR Í ENDURSÖLU




Verð:

**2.590.000** kr.

**573 lítra farangursými** (rúmar 4 golfsett langsum)

Eyðsla í blönduðum akstri **3,8 L/100 km***

**Hlaðinn staðalbúnaði m.a.:** Bakkmyndavél, Íslenskt leiðsögukerfi, 7" LED skjár, bakkskynjarar, hraðastillir (Cruise control), Bluetooth handfrjáls símabúnaður, útvarp og geislaspilari með USB tengi fyrir MP3 spilara/Ipod, 4 hátalarar, aðgerðahnappar í stýri, sex aðgerða aksturstölva, útihitamælir, ræsivörn, loftkæling AC, leðurstýri, litaðar rúður, svart slitsterkt „Compass" tauáklæði, niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á ökumannssæti, ESC stöðugleikastýring, þokuljós að framan o.m.fl.

Dacia eco²

www.dacia.is

ENNEMM / SÍA / NM84440 *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Uppsagnir og minni sala fylgja Costco

**Áhrifin af komu Costco hingað til lands eru meiri en heildsalar á borð við Ísam og Sláturfélag Suðurlands bjuggust við. Sælgætisgerðin Freyja hefur þurft að ráðast í uppsagnir. Forstjóri SS segir verslunina hafa náð 20 prósenta markaðshlutdeild í ákveðnum vöruflokkum.**

**VERSLUN** „Þetta hefur haft mikil áhrif á okkar rekstur og það virðist vera samdráttur alls staðar og áhrifin meiri en maður áætlaði,“ segir Pétur Thor Gunnarsson, markaðsstjóri Freyju, um áhrif komu Costco hingað til lands en sælgætisgerðin hefur að hans sögn þurft að segja upp sex manns eða um tíu prósent af starfsliði sínu síðan verslunin var opnuð fyrir rúmum fimm mánuðum.

„Samdrátturinn lýsir sér í minni sölu en enginn af okkar núverandi viðskiptavinum er að sýna meiri samdrátt en aðrir heldur er þetta heilt yfir. Hins vegar sjáum við sem betur fer að salan er að batna. Þó við værum með gott vöruúrval í Costco þá myndi það ekki endilega bæta upp fyrir það sem við höfum tapað heldur hefur orðið aukning í sölu á innfluttu sælgæti,“ segir Pétur Thor.

Verslunarfyrirtækið Hagar, sem rekur meðal annars Bónus og Hagkaup, greindi á þriðjudag frá því að vörusala þess frá júníbyrjun til ágústloka hefði dregist saman um 2,6 milljarða eða 12,6 prósent milli ára. Þá hefði rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBIDTA) lækkað úr 1,8 milljörðum í 1,1. Breytingar á smásölumarkaði hefðu gjörbreytt samkeppnisumhverfi en verslun Costco í Kauptúni var opnuð í síðustu viku maímánaðar.

„Þetta hefur auðvitað áhrif á okkar rekstur þegar stærsti viðskiptavinurinn verður fyrir þeim áhrifum sem lýst er. En eins og kom fram í máli Finns [Árnasonar, forstjóra Haga] eru áhrifin meiri en menn bjuggust við og varanleg en þau eru ekki endilega alveg komin fram,“ segir Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri heildsölunnar Ísam.

„Ég get ekki sagt þér hvað salan hefur minnkað í prósentum en við erum með gríðarlega breitt vöruúrval og samdráttur í sölu er mismunandi eftir því. En það er klárt mál að þetta hefur haft gríðarleg áhrif og sérstaklega í sumar og það kemur illa við okkur því sumarið er okkur mjög mikilvægt,“ segir Bergþóra en Ísam á meðal annars framleiðslufyrirtækin Mylluna, Ora og Frón.

Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands (SS), sem framleiðir matvæli en er einnig stór heildsali, segir áhrif Costco á íslenskan smásölumarkað meiri en flestir hafi búist við. Ekki hafi verið ástæða til uppsagna hjá SS vegna þessa enn sem komið sé.

„Í ákveðnum vöruflokkum merkjum við allt að tíu prósentum minni sölu miðað við það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Við sjáum líka að það eru ákveðin hughrif í gangi. Fólk skiptir svolítið um persónuleika þegar það fer þarna inn og það kannski kaupir fullt af hlutum sem eru ekki ódýrari í öllum tilfellum. Okkur sýnist að þeir hafi náð allt að 20 prósenta markaðshlutdeild í þeim vöruflokkum sem þeir leggja áherslu á,“ segir Steinþór.

haraldur@frettabladid.is



Koma Costco hefur gjörbreytt stöðu margra íslenskra framleiðslufyrirtækja og heildsala. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Þetta hefur auðvitað áhrif á okkar rekstur þegar stærsti viðskiptavinurinn verður fyrir þeim áhrifum sem lýst er.**
>
> Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Ísam















VINKVENNAKVÖLD
GARÐHEIMA
VERÐUR HALDIÐ
MIÐVIKUDAGINN
1. NÓVEMBER

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Írakar krefjast enn ógildingar kosninganna og hafna tilboði Kúrda

**ÍRAK** Yfirvöld í Írak höfnuðu í gær tilboði yfirstjórnar íraska Kúrdistans um að „frysta“ niðurstöður kosninga á svæðinu um sjálfstæði þess í því skyni að hægt væri að ræða málin í sameiningu. „Við samþykkjum ekkert annað en ógildingu kosninganna og fulla virðingu fyrir íröksku stjórnarskránni,“ sagði Haider al-Abadi, forsætisráðherra Íraks, í gær.

Meirihluti þeirra sem greiddu atkvæði vildi að sjálfstæði yrði lýst yfir. Yfirvöld í Írak hafa hins vegar ítrekað lýst því yfir að kosningarnar hafi verið ólöglegar og því ætti að ógilda þær.

Tilboð Kúrda var lagt fram á þriðjudagskvöld í kjölfar þess að íraski herinn, að skipun al-Abadi, hertók svæði sem Kúrdar og Íraksstjórn hafa deilt um. Lögregla, sérsveitir og hersveitir sjía-múslima studdu Íraksher í aðgerðunum sem kostuðu tugi lífið. Kúrdar buðust til þess að frysta niðurstöðurnar í von um að „koma í veg fyrir frekara blóðbað“ og vildu eins og áður segir fá Íraka til viðræðna við sig um framhaldið.

Bandaríkjamenn, sem líkt og flest ríki heims voru mótfallin kosningunum, litu þetta tilboð jákvæðum augum og hvöttu Íraksstjórn til þess að taka því. BBC greinir frá því að þingmaður sem stendur al-Abadi nærri, Ali al-Alaq, hafi í gær varað við því að svokölluð frysting niðurstaðanna myndi skapa „tímasprengju sem Kúrdar gætu varpað á ríkisstjórnina hvenær sem þeir vildu“. – þea



Haider al-Abadi, forsætisráðherra Íraks. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Jack Dorsey, forstjóri Twitter. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Ósætti við auglýsingabann

**BANDARÍKIN** Samfélagsmiðillinn Twitter tilkynnti í gær um blátt bann við auglýsingum rússnesku fréttamiðlanna RT og Sputnik á síðu sinni. „Ákvörðunin var tekin á grundvelli þeirrar endurskoðunar sem við höfum ráðist í eftir forsetakosningar síðasta árs og vegna niðurstöðu bandarískra leyniþjónusta að bæði RT og Sputnik hafi á vegum rússneskra yfirvalda reynt að trufla kosningarnar,“ sagði í tilkynningunni.

Sputnik hafði ekki tjáð sig um ákvörðunina í gær en á vefsíðu RT birtist grein þar sem sagði að miðillinn hefði aldrei brotið auglýsingareglur Twitter og þaðan af síður dreift röngum upplýsingum vísvitandi.

Til stendur að fulltrúar Twitter mæti fyrir upplýsingamálanefnd öldungadeildar Bandaríkjaþings í næstu viku ásamt fulltrúum Facebook og Google til að ræða hvernig Rússar notuðu miðla fyrirtækjanna til að dreifa áróðri fyrir forsetakosningarnar. Fyrr í mánuðinum sagði varaformaður nefndarinnar, Mark Warner, að fyrsta viðtalið við fulltrúa Twitter hefði valdið sér vonbrigðum og ekki verið fullnægjandi. – þea

# Spánverjar kjósa um sviptingu sjálfsstjórnar Katalóníu í dag

**Öldungadeild spænska þingsins kýs um hvort virkja skuli 155. grein stjórnarskrárinnar og svipta Katalóníu sjálfstæði. Forseti héraðsstjórnar Katalóníu var tvístígandi í gær, boðaði til fundar, aflýsti honum og boðaði til hans á ný. Dró óljósa sjálfstæðisyfirlýsingu Katalóníu ekki til baka en hefur frestað gildistöku hennar.**

**SPÁNN** Til stendur að öldungadeild spænska þingsins komi saman í dag til þess að kjósa um hvort virkja skuli 155. grein spænsku stjórnarskrárinnar og þar af leiðandi svipta Katalóníu sjálfsstjórnarvöldum. Þannig gætu yfirvöld í Madríd tekið yfir katalónskar stofnanir, löggæslu og stýrt fjármálum héraðsins.

Yfirvöld á Spáni hafa hótað þessum aðgerðum allt frá því kosið var um sjálfstæði í Katalóníu þann 1. október síðastliðinn.

Carles Puigdemont, forseti héraðsstjórnar Katalóníu, hefur ekki orðið við kröfum Spánverja og hefur ekki dregið sjálfstæðisyfirlýsingu héraðsins til baka þótt hann hafi að vísu frestað gildistöku hennar. Spænskir fjölmiðlar hafa sagt líklegt að Puigdemont dragi yfirlýsinguna til baka og boði til héraðsþingkosninga til að koma í veg fyrir sviptingu sjálfsstjórnar en í gær tilkynnti forsetinn að það myndi ekki gerast. Það væri undir héraðsþinginu komið hvernig bregðast ætti við virkjun 155. greinarinnar.

Gærdagurinn var afar óljós hjá Puigdemont. Hann boðaði í gærmorgun til fundar, hætti síðan við fundinn og boðaði loks til hans á ný. Í ræðu sinni var forsetinn harðorður í garð ríkisstjórnar Mariano Rajoy forsætisráðherra og sagði hana stjórna með harðri hendi.

Puigdemont endurnýjaði hins vegar ekki kröfuna um sjálfstæði í ræðu sinni og þykir það benda til þess að hann reyni að koma í veg fyrir að Rajoy ákveði að virkja 155. greinina.

Katalónskir miðlar héldu því í kjölfarið fram að breiðfylking aðskilnaðarsinna á þinginu, undir forystu Puigdemont, hafi ekki viljað að boðað yrði til kosninga. Talsmaður ERC, flokks eindreginna aðskilnaðarsinna, sagði flokkinn hafa hótað því að draga stuðning sinn við Puigdemont til baka ef hann boðaði til kosninga.

Undanfarnar vikur hafa verið afar erfiðar fyrir héraðsforsetann. Á meðan Spánverjar hafa krafist þess að sjálfstæði verði ekki lýst yfir, og að hin frestaða yfirlýsing verði dregin til baka, hafa aðskilnaðarsinnar úthrópað Puigdemont sem föðurlandssvikara. thorgnyr@frettabladid.is



Carles Puigdemont hélt ræðu í gær en dagurinn var erfiður fyrir héraðsforsetann. NORDICPHOTOS/AFP

### Hver eru sjálfsstjórnarvöld Katalóníu?

Katalónía er það hérað Spánar sem hefur einna mesta sjálfsstjórn. Þar má finna héraðsþing, héraðsstjórn, forseta, lögreglu og héraðsfjölmiðil. Hefur héraðið völd yfir menningarmálum, umhverfismálum, samgöngumálum, efnahagsmálum og öryggismálum. Hins vegar fer spænska ríkið með völdin þegar kemur að utanríkismálum, hernaði og stærri stefnumótun í efnahagsmálum.

Carles Puigdemont er forseti héraðsstjórnarinnar en tólf ráðherrar skipa stjórnina. Sex flokkar sitja á katalónska héraðsþinginu og eru þrír þeirra hlynntir aðskilnaði. 135 sæti eru á þinginu og stærsti þingflokkurinn er bandalag tveggja aðskilnaðarflokka. Fengu þeir 62 sæti í kosningum 2015.

Alls eru opinberir starfsmenn héraðsins 28.677. Margir þeirra vinna fyrir katalónsku lögregluna, Mossos d'Esquadra, eða rúmlega 17.000.




**Ert þú með hugmynd að vönduðu verkefni á dagskrá afmælisársins?**

Áður auglýstur umsóknarfrestur um tillögur að verkefnum á dagskrá aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands hefur verið framlengdur **til 1. nóvember kl. 16.00.** Nánari upplýsingar á www.fullveldi1918.is.

**www.fullveldi1918.is**

100 FULLVELDI ÍSLANDS 1918 · 2018

Pipar\TBWA \ SÍA

# Keníukosningar kostuðu einn unglingsdreng lífið

**KENÍA** Gengið var til forsetakosninga í Keníu í gær í annað sinn á árinu. Kosningarnar sem fóru fram fyrr á árinu voru ógildar vegna ógagnsæis og galla á framkvæmd þeirra. Var því boðað til nýrra kosninga.

Síðast var kosið á milli Uhuru Kenyatta, sitjandi forseta, og stjórnarandstöðuleiðtogans Raila Odinga. Búist var við því að slíkt hið sama myndi gerast núna en Odinga dró framboð sitt til baka á dögunum. Ástæðuna sagði Odinga vera þá að hann hafi viljað fresta kosningunum þar sem ekki hefði tekist að sýna fram á að vankantar á framkvæmd ólöglegu kosninganna hefðu verið lagaðir.

Vegna þessa sniðgengu stuðningsmenn Odinga kosningar gærdagsins og mótmæltu harðlega. Í helstu vígjum stjórnarandstæðinga í landinu mættu stjórnarandstæðingar á kjörstað. Ekki til þess að kjósa heldur til þess að koma í veg fyrir að aðrir kysu.

Í hafnarborginni Kisumu enduðu slík mótmæli með ósköpum. Lögregla skaut unglingsdreng sem var að mótmæla og hann lést stuttu síðar af sárum sínum. Lögregla stóð vörð um kjörstaði víðs vegar um landið og greindi BBC frá því að tugir þúsunda lögreglumanna væru staddir víðs vegar um landið. – þea



Kjördagur í Keníu einkenndist af ofbeldi. NORDICPHOTOS/AFP




brimborg
Öruggur staður til að vera á
Bíldshöfða 8 S. 515 7040
110 Reykjavík
Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri
mazda.is

得






#takkfyriraðveljamitsubishi

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is







# 100 ÁRA AFMÆLISHÁTÍÐ MITSUBISHI

Verið velkomin á 100 ára afmælishátíð Mitsubishi í **HEKLU, Laugavegi, laugardaginn 28. október** frá kl. 12 til 16. Á boðstólum verður gómsæt afmælisterta, kaffi frá Kaffitári, andlitsmálning fyrir krakkana og auðvitað nýjustu bílarnir frá Mitsubishi. Allir sem pósta mynd af sér og „afmælisbarninu" merktri **#takkfyriraðveljamitsubishi** geta átt von á góðum glaðningi. Komdu og fagnaðu með okkur aldarafmæli eins vinsælasta bílaframleiðanda heims.

Hlökkum til að sjá þig!

MITSUBISHI MOTORS

FYRIR HUGSANDI FÓLK

# Andrými



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Fjórir blaðamenn 365 miðla voru sakfelldir í héraðsdómi í gær fyrir meiðyrði vegna fréttaflutnings af svokölluðu Hlíðamáli. Í málinu voru tveir karlmenn sakaðir um nauðgun en lögreglan vísaði málinu síðar frá vegna skorts á sönnunargögnum.

Héraðsdómur hengir sig meðal annars á það að ekki hafi verið rétt að íbúðin, þar sem verknaðurinn átti að hafa átt sér stað, hafi verið „útbúin" til nauðgana líkt og komið hafi fram í umfjöllun blaðsins. Þessi áhersla á að hanka blaðamenn fyrir tiltekin smáatriði í umfjöllun, sem síðar reynast röng eða ónákvæm, er nokkuð sem fjölmiðlamenn hafa þurft að venja sig við í seinni tíð.

Það er orðin þekkt tækni í sambærilegum málum að einblína á smáatriði, sem mögulega eru röng, og beina þannig athygli frá stóru myndinni.

Auðvitað á að gera þá kröfu til blaðamanna að þeir vandi sig. Þegar fréttir eru sagðar þarf hins vegar alltaf að vera eitthvert jafnvægi. Áherslan á smáatriðin má ekki verða til þess að blaðamenn hiki við eða hreinlega þori ekki að segja fréttir. Það má heldur ekki verða svo að krafan um nákvæmni í frásögn verði til þess að fréttir séu ekki sagðar fyrr en þær eru orðnar að sagnfræði.

Þegar dómstólar hjálpa til við að skapa slíkt andrúmsloft getur það vart talist annað en ritskoðun. Fréttir eru nefnilega þess eðlis að þær eru gjarnan sagðar í rauntíma. Eðli málsins samkvæmt liggja þá ekki allar staðreyndir fyrir, atburðarás getur jafnvel enn verið að eiga sér stað.

Dómstólar verða að eftirláta fjölmiðlum sanngjarnt andrými. Ýmislegt bendir til þess að fjölmiðlar á Íslandi búi ekki við nægjanlegan skilning frá hinu opinbera. Nægir þar að nefna nýlegt lögbann sem lagt var á umfjöllun Stundarinnar upp úr gögnum er eiga uppruna sinn hjá slitastjórn Glitnis.

Starfsumhverfi fjölmiðla er eitt, en annað og verra við niðurstöðu héraðsdóms eru þau skilaboð sem send eru þolendum kynferðisbrota og fordæmið sem sett er varðandi umfjöllun um kynferðisbrot.

Kynferðisbrot og baráttan gegn þeim hefur verið mikið í umræðunni bæði hér á landi og annars staðar undanfarið. Raunar má segja að leyndarhjúpur um þessi mál hafi orðið til þess að síðasta ríkisstjórn lifði ekki kjörtímabilið. Ef litið er út fyrir landsteinana hafa mál Harvey Weinstein verið í hámæli, en upplýst er að hann hafi áratugum saman misnotað og áreitt tugi kvenna og komist upp með það. Allt í skjóli leyndarinnar.

Þar til nú. Leyndarhulunni hefur verið svipt af Harvey Weinstein. Ríkisstjórnin sprakk. Í þessu samhengi er niðurstaða héraðsdóms tímaskekkja. Blaðamenn verða að fá svigrúm til að fjalla um kynferðisbrot á rannsóknarstigi. Mál Weinsteins er lifandi sönnun þess.

Auðvitað kann að vera að við gerum mistök á þeirri vegferð, en viðurlögin mega ekki vera slík að umfjöllunin þagni. Sérstaklega á það við um kynferðisbrot. Of lengi hafa fórnarlömb slíkra brota horft á réttarkerfi sem hvorki hlustar né skilur. Það verður að segja fréttir af slíkum málum. Í því felst ekki bara rétturinn til að upplýsa fólk heldur líka yfirlýsing um að þolendur eiga ekki að þurfa að þjást í hljóði.

Slíkt væri afturhvarf til verri tíma.

**Það má heldur ekki verða svo að krafan um nákvæmni í frásögn verði til þess að fréttir séu ekki sagðar fyrr en þær eru orðnar að sagnfræði.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Allt rosa flókið**

**Annað árið í röð stefnir í stjórnarkreppu ef marka má orð Eiríks Bergmanns stjórnmálafræðings sem féllu í hádegisfréttum Bylgjunnar í gær. Sagði hann þar að líklega yrði erfitt að mynda ríkisstjórn eftir kosningar. Útreikningar Fréttablaðsins í dag benda til þess sama. Ekki verður hægt að mynda þriggja flokka stjórn án aðkomu Sjálfstæðisflokksins og annað hvort VG eða Samfylkingar. Hvorugur þeirra flokka þykir hins vegar líklegur til samstarfs við Sjálfstæðismenn.**

**Erfiðlega gekk að berja saman fimm flokka stjórn eftir síðustu kosningar og má vænta þess að það verði ekki auðvelt að berja saman fjögurra flokka stjórn eftir laugardaginn. Það væri kannski ekki vitlaust að láta reyna á minnihlutastjórn.**

**Bjargað frá foreldrunum**

**Ófeddri stúlku var bjargað frá þeim hörmulegu örlögum í gær að vera skírð Zoe. Þetta góðverk var unnið í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær en foreldri stúlkunnar höfðu stefnt ríkinu í kjölfar þess að mannanafnanefnd hafnaði beiðni þeirra um skráningu nafnsins.**

**Reyndar eru það alls ekkert hörmuleg örlög að vera skírð Zoe og ekki um raunverulegt góðverk að ræða. Þarna var einfaldlega brotið á rétti fjölskyldunnar með forneskjulegum viðhorfum.**

**thorgnyr@frettabladid.is**

# Framtíðin er okkar

2017



Hanna Katrín Friðriksson
þingmaður Viðreisnar, skipar 1. sæti í Reykjavík suður

Almenningur hefur lengi kallað eftir breytingum. Óskað eftir breyttum vinnubrögðum, nýjum áherslum og annarri forgangsröðun. Stofnun Viðreisnar fyrir einu og hálfu ári var svar við þessu ákalli og stefnuskrá flokksins er í samræmi við það.

Hátt matarverð, ofurvextir, misrétti í launakjörum kynjanna og skortur á húsnæði. Ekkert af þessu er lögmál heldur afleiðingar pólitískra aðgerða eða aðgerðaleysis undanfarin ár og áratugi.

Í síbreytilegum heimi felst stöðugleikinn ekki í kyrrstöðu, heldur í því að brjóta upp gömul kerfi sem eru úr sér gengin og notuð til að reisa varnarmúra um sérhagsmuni fárra. Kerfi hafa tilhneigingu til að viðhalda sér sjálf. Þegar við bætast varðmenn sem dulbúa varðstöðuna sem eftirsóknarverðan stöðugleika í stað þeirrar stöðnunar sem hún raunverulega felur í sér, þá getur verið á brattann að sækja.

Stjórnmálamenn sem hafa raunverulegan áhuga á því að beita kröftum sínum í almannaþágu verða að hafa hugrekki og dug til að ráðast að rótum vandans í stað þess að bölva afleiðingunum og lofa skyndilausnum. Þær eru í besta falli til skamms tíma og kosta íslenska þjóð heiftarlega timburmenn eins og dæmin sýna. Verst er þó að skyndilausnir við rótgrónum kerfislægum vandamálum fela oftast í sér mikinn og jafnvel óyfirstíganlegan kostnað fyrir næstu kynslóðir. Leið Viðreisnar felst í faglegri nálgun samhliða áherslum á nauðsynlegar kerfisbreytingar og frjálslynd alþjóðasinnuð viðhorf. Jafnréttisáherslur Viðreisnar er nær óþarfi orðið að nefna, svo samofnar eru þær öllum stefnumálum og aðgerðum flokksins.

Það er kosið um samkeppnishæf lífskjör íslenskrar þjóðar í nútíð og framtíð. Þar eru húsnæðismál og matarkostnaður fjölskyldnanna, samgöngur, heilbrigðismál og velferðarmál almennt. Menntamál eru fjöregg þjóðarinnar til framtíðar með valfrelsi, sveigjanleika, nýsköpun og námstækni. Það sama á við um umhverfismálin, án nokkurs vafa stærsta jafnréttismál milli kynslóða. Á öllum þessum sviðum getum við verið í fremstu röð ef við höldum rétt á spilunum.

Viðreisn hefur sýnt og sannað á stuttum tíma að þar er unnið af krafti og elju að þessum stóru málum. Við erum því ófeimin við að biðja um umboð til frekari verka. Við munum fara vel með traustið.

**Viðreisn hefur sýnt og sannað á stuttum tíma að þar er unnið af krafti og elju að stóru málunum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Félög, flokkar, rjómasprautur

Í DAG



Bergur Ebbi

Eitt af því sem stjórnarskrá Íslands (og flestra annarra lýðræðisríkja) tryggir er félagafrelsið. Eru þau réttindi tryggð í 74. grein stjórnarskrárinnar en þar segir meðal annars: „Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. […].“ Af öllum „frelsunum“ er félagafrelsið kannski ekki það sem rætt er mest um. Fólki er eflaust meira tíðrætt um tjáningarfrelsið, trúfrelsið eða um jafnan rétt kynja og kynþátta. Félagafrelsið er ekki Hollywood-vænt. Það yrði varla gerð bíómynd um baráttu fólks fyrir að hittast á fundum og drekka kaffi. Varla myndi nokkurt stjórnvald amast við því?

Jú, auðvitað amast stjórnvöld oft við því. Einræðisríki eiga það flest sameiginlegt að takmarka starfsemi félaga. Í kommúnistaríkjum er stundum bara einn stjórnmálaflokkur í framboði: kommúnistaflokkurinn – og því eru kosningar og framkvæmd lýðræðis aðeins skrumskæling ef félagafrelsis nýtur ekki við. Í sumum fasistaríkjum er jafnvel gengið svo langt að leysa upp samkomur á götum úti eða í heimahúsum og koma í veg fyrir að fólk sameinist um hugsjónir sínar þó að í litlum mæli sé.

Í gegnum söguna hafa stjórnmálaöfl verið kæfð í fæðingu og það sama á við um baráttuöfl í málefnum kvenfrelsis, hinsegin fólks og jaðarhópa. Grunnurinn í fasistatilburðum þarf nefnilega ekki að vera sá að banna fólki að láta í ljós skoðanir sínar heldur fremur að koma í veg fyrir að til verði vettvangur fyrir skoðanir. Í þessu samhengi er verndun félagafrelsis í raun mikilvægari en sjálft tjáningarfrelsið – þó engin þörf sé að stilla þessum réttindum upp sem keppinautum. Betra er að orða það sem svo að ef ekki væri hægt að mynda félög væri engin þörf á réttinum til að tjá sig, því það er erfitt að sá í grýtta jörð. Það þarf að gefa fólki færi á að byggja upp skoðanir sínar og stunda málefnavinnu, innan um jafningja, áður en hægt er að fara með þær inn í kúlnahríðina – ef svo má að orði komast.

Ég velti upp þessu samhengi til að útskýra þróun í stjórnmálum undanfarin ár. Sjáið til. Í upplýsingabyltingu síðustu ára hefur um of verið einblínt á tjáningarfrelsi einstaklingsins, líkt og þar sé að finna hið eina sanna hreyfiafl. En einstaklingar breyta litlu einir og óstuddir. Það er fremur hinn nýtilkomni tæknilegi möguleiki á að stofna félög með litlum tilkostnaði sem er að gerbreyta stjórnmálum. Á hverjum degi eru stofnaðar nýjar grúppur eða hópspjöll um stjórnmál, menningu eða bara klassískt baktal og sá sem til stofnar hefur fullt vald yfir hverjum hann býður með í samtalið.

Þetta vald, í hversu litlum mæli sem það er skammtað, er hið eina sanna breytingarafl stjórnmálanna. Vettvangurinn gefur skoðunum aukið vægi. Sú tæknilega athöfn að safna sögum saman undir ákveðnu merki felur í sér valdeflingu og eru #FreeTheNipple og #MeToo dæmi um það. Félagafrelsið er nýtt sem aldrei fyrr og séu hvers konar samfélagslegar grúppur teknar með má segja að í þjóðfélaginu séu tugþúsundir sem fylkja sér um málstað í ýmiss konar fylkingum og hópum, en myndi aldrei detta í hug að starfa á vegum stjórnmálaafls.

Með réttu eða röngu, eru margir sem telja að stjórnmálaflokkar séu óþarfa milliliðir. Í kosningabaráttu fer ekki fram meiri málefnabarátta en á venjulegum degi. Áður fyrr gat kosningabarátta skerpt málefnalínurnar. En í dag bætir baráttan kannski litlu öðru ofan í hugmyndagraut samfélagsins en freti af gasfylltum rjóma úr gamalli rjómasprautu og nokkrum skeiðum af vöfflumixi. Það er enginn skortur á málefnum, ályktunum, viðhorfum og umræðum í þjóðfélaginu. Ef eitthvað er, þá er samfélagið útbólgið af slíku. Og þegar við það bætist að fjórflokkurinn er liðinn undir lok og allt að átta flokkar munu eiga sæti á Alþingi, þá getur myndast jarðvegur fyrir stækan popúlisma. Þá gæti farið svo að einhver stígi fram og lýsi því yfir að allt sé kjaftæði, það sé búið að ræða nóg, en nú sé kominn tími til framkvæmda. Við þekkjum þetta mætavel og vitum að þetta er síendurtekið stef í stjórnmálum.

En látum ekki kosningar valda okkur vonbrigðum. Stjórnarmyndun verður erfið því stjórnmálaflokkarnir fá í raun lítið vald eftir kosningar. Valdið er kyrfilega komið til almennings, almennings sem getur stofnað grúppur og hópa og sameinað og sundrað málefnastarfi eftir hentugleika. Valdið er okkar, og því er engin þörf á að taka boði fyrsta popúlistans sem ætlar að bjarga okkur úr kakófóníunni. Mín kæra þjóð, ekki kyssa fyrsta gæjann sem býður þér á ball, þó að hann eigi gamla rjómasprautu. Þolinmæði er dyggð. Þolinmæði er passíft form hugrekkis. Kæra þjóð, þekktu vald þitt.


alþingiskosningar 2017

kjósum hagsmuni heimilanna!

Það er fátt mikilvægara fyrir almenning en að verðtryggingin verði bönnuð á lánum heimilanna

Bann á verðtryggingu myndi:

- losa heimilin undan hæl fjármálafyrirtækjanna
- auka ráðstöfunarfé heimilanna um tugi þúsunda á mánuði
- lækka húsnæðisverð, lækka leiguverð, lækka afborganir, lækka vexti

Mat okkar á því hvaða flokkar muni vinna að hagsmunum heimilanna byggir á því hverju fulltrúar flokkanna svöruðu um afnám verðtryggingarinnar á fundi VR, Verkalýðsfélags Akraness og Hagsmunasamtaka heimilanna í Háskólabíói þann 7. október sl. en þar áttu allir flokkar fulltrúa.

Ekki er tekin afstaða til flokka eða málefna að öðru leyti.

***Fimm flokkar töluðu á fundinum fyrir afnámi verðtryggingar:***

**Alþýðufylkingin**
**Dögun**
**Flokkur fólksins**
**Framsóknarflokkurinn**
**Miðflokkurinn**

Hagsmunasamtök heimilanna hvetja félagsmenn sína til að kjósa á laugardaginn.

Hagsmunasamtök heimilanna hvetja alla þá sem telja að endurskipuleggja þurfi fjármálakerfið á Íslandi til að kjósa á laugardaginn.

Hagsmunasamtök heimilanna hvetja alla þá sem telja breytinga þörf í íslensku samfélagi til að kjósa á laugardaginn.

***Breytingar geta ekki orðið nema heimilin losni úr ánauð banka og fjármálafyrirtækja, að því loknu getum við tekist á við önnur mikilvæg mál.***

Á fundinum kom fram að eftirfarandi stjórnmálaflokkar ***ætla EKKI að afnema verðtrygginguna*** af lánum heimilanna:

Björt framtíð, Píratar, Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkurinn, Viðreisn og Vinstri grænir.

Munum að 80 % kjósenda allra flokka vilja verðtrygginguna burt af lánum heimilanna.

- Kjósum okkar eigin hagsmuni!
- Ekki hlusta á hræðsluáróður þeirra sem halda vilja beltum og axlaböndum á fjármálakerfinu en skilja heimilin eftir varnarlaus í mulningsvélum bankanna.

Hagsmunasamtök Heimilanna
www.heimilin.is heimilin@heimilin.is

Almenningur er ekki fóður fyrir bankana

# Kjarkur

2017



**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**
formaður Viðreisnar

Fyrir rótgróna flokka er sjaldan tíminn til að breyta. Þegar reynir á raunverulegan vilja til að ná sátt um gjald fyrir sameiginlega fiskveiðiauðlind okkar er lagst í tæknilega útúrsnúninga og málið sagt of flókið. Ef breyta á landbúnaðarkerfinu í þágu bænda og neytenda er svipuð afstaða tekin og spyrnt við fótum. Þetta er ósköp einfalt. Gamlir flokkar með augljósa sérhagsmuni í broddi fylkingar eru stundum sorglega fyrirsjáanlegir.

Viðreisn er andhverfan. Ungur flokkur sem setur almannahagsmuni í öndvegi og hefur kjark til að breyta í þágu framfara. Við viljum breyta úreltum kerfum og færa þau til nútímans. Við höfum allt að vinna – engu að tapa. Ekkert frekar en þorri almennings.

Við höfum sett krónuna í forgrunn og bent á að hún er flestum okkar dýrt spaug og neyðir okkur til að vinna launalaust í sex vikur á ári. Við borgum húsnæðið okkar þrisvar vegna svimandi hás vaxtakostnaðar á meðan vinir okkar í nágrannalöndum gera það einu sinni. Engu að síður eru enn til þeir stjórnmálamenn sem vilja verja áframhaldandi og óbreytta umgjörð þessarar örmyntar okkar þvert gegn hagsmunum íslenskra fjölskyldna, neytenda og atvinnulífs.

Viðreisn er ekki þar. Við viljum festa krónu við Evru eða aðra erlenda mynt. Þannig snarlækkum við þá miklu vaxta(r)verki sem fylgja krónunni og gjörbreytum því óvissuástandi sem einkennir bæði efnahagsumhverfi heimilanna og atvinnulífsins í landinu.

Við viljum halda öllum dyrum opnum fyrir áframhaldandi aðild að ESB og leyfa unga fólkinu að eiga atkvæðisrétt um framtíð sína. Það er kominn tími til að treysta þjóðinni í þessu máli.

Við erum einlægur velferðarflokkur sem lætur sér annt um þétt riðið öryggisnet og vandaða þjónustu í íslensku samfélagi. Við viljum hins vegar staðgreiða þann veruleika en ekki taka hann að láni eins og berlega hefur komið í ljós að flokkarnir á vinstri vængnum hyggjast gera. Við viljum sjálfbæra velferð sem grundvallast á öflugri verðmætasköpun atvinnulífsins.

Velferð og vellíðan er hins vegar lítils virði ef við höfum ekki jafnan aðgang að henni. Þess vegna kappkostar Viðreisn að spegla alla sína pólitísku sýn út frá jafnrétti. Við höfum náð miklum árangri í launajafnrétti kynjanna og viljum fylgja honum eftir með því að efna til víðtækrar þjóðarsáttar um bætt kjör kvennastétta. Kynbundið ofbeldi er jafnframt jafnréttismál, aðgengi barna að leikskólum er það líka og einnig réttur hinsegin fólks.

Til þess að draumar okkar geti ræst þarf kjark til að breyta. Viðreisn hefur hann. Til að frjálslyndir vindar blási um Alþingi þarf öflugan stuðning frá þjóðinni. Þú ræður honum.

ALUPROF GEZE



Bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað, hringhurðir, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.

Áratuga reynsla.

Framúrskarandi fyrirtæki 2012 2015

JÁRN&GLER

Járn & Gler hf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarngler.is




# Frítekjumark ellilífeyrisþega

2017



**Haukur Haraldsson**
áhugamaður um velferð aldraðra

Um áramótin 2016 og 2017 tóku gildi ný lög um almannatryggingar sem fólu í sér umtalsverðar kerfisbreytingar og umtalsverðar hækkanir bóta til 9.463 einstaklinga sem bjuggu einir, en 24.875 einstaklingar sem voru í sambúð fengu aðeins 5 prósent hækkun. Jafnframt var frítekjumark vegna atvinnutekna lækkað úr 109.000 krónum á mánuði í 25.000 krónur og frítekjumark látið gilda fyrir allar tekjur, þar með fjármagnstekjur og lífeyrissjóðstekjur sem var af hinu góða en þetta var smánarleg upphæð og ekki þeim til sóma sem að henni stóðu.

Undanfarið hefir mikið verið fundað og rætt um frítekjumark atvinnutekna og að það verði 100.000 krónur á mánuði og virðast allir frambjóðendur til Alþingis vera tilbúnir að samþykkja það eins og kom fram á fundi sem haldinn var í Háskólabíói 14. október sl.

Hins vegar hefir lítið verið rætt um að þetta frítekjumark eigi einnig að gilda fyrir aðrar tekjur eins og fjármagnstekjur og lífeyrissjóðstekjur sem ætti þó að vera meginhagsmunamál meirihluta lífeyrisþega. Samkvæmt skrá TR (Tryggingastofnun) eru í janúar 2017 34.338 sem fá bætur frá TR, þar af 9.463 sem búa einir og fá fjölskylduuppbót, en aðeins 4.621 sem hefur atvinnutekjur. Þannig að þetta frítekjumark vegna atvinnutekna myndi aðeins gagnast þrettán prósentum lífeyrisþega.

Á hverju ári fjölgar ellilífeyrisþegum þannig að ef frítekjumark vegna atvinnutekna hækkar fer þeim fjölgandi sem nýta sér að halda áfram að vinna sem er ekki fýsilegur kostur í dag. Það deyja líka margir ellilífeyrisþegar á ári hverju sem hafa þurft að lifa við kröpp kjör undanfarin ár. Þjóðfélaginu ber skylda til að bæta kjör ellilífeyrisþega og það fljótt, þannig að gamalt fólk geti lifað mannsæmandi lífi síðustu árin. Það hlýtur að verða krafa ellilífeyrisþega að þetta 100.000 króna frítekjumark gildi fyrir allar tekjur, atvinnutekjur, fjármagnstekjur og lífeyrissjóðstekjur. Ef vel ætti að vera þarf þetta frítekjumark að vera 150.000, þá myndu ráðstöfunartekjur eftir skatt hækka um 94.300 krónur.

Á framboðsfundum hafa þingmenn sagt að það kosti tvo til 2,5 milljarða að hækka frítekjumark atvinnutekna úr 25.000 upp í 100.000 krónur.

Þessi kostnaður er eflaust reiknaður út frá tapaðri skerðingu sem er kr. 33.750 á mánuði fyrir hvern lífeyrisþega sem hefir atvinnutekjur. Þessir 2-2,5 milljarðar eru með skatti, þannig að ef við drögum skatttekjur frá þá er raunkostnaður aðeins hálfur til einn milljarður.

Við þessa hækkun frítekjumarks atvinnutekna fara eflaust fleiri að stunda vinnu, en við það verður kostnaður ríkisins enginn þar sem engar skerðingar aukast, en ríkið fær auknar skatttekjur. Sennilega fjölgar þeim lífeyrisþegum um 5-7 þúsund sem fara á vinnumarkað við hækkum frítekjumarks þannig að þá fengi ríkið aukna skatta sem nemur 1,5- 2,5 milljörðum.

**Ef frítekjumark verður aðeins hækkað vegna atvinnutekna sitja þeir eftir sem ekki hafa tök á að nýta sér þetta frítekjumark en hafa einhverjar lífeyrissjóðstekjur og/eða fjármagnsstekjur.**

### Gæta þarf jafnræðis

Ef frítekjumark verður aðeins hækkað vegna atvinnutekna sitja þeir eftir sem ekki hafa tök á að nýta sér þetta frítekjumark en hafa einhverjar lífeyrissjóðstekjur og/eða fjármagnstekjur.

Ef við gefum okkur þær forsendur að þeir sem nýta sér frítekjumark atvinnutekna séu um 11 þúsund, þá eru um 23 þúsund sem myndu geta nýtt sér frítekjumark lífeyrissjóðs- og fjármagnstekna. Tapaðar skerðingar TR yrðu um 9,3 milljarðar ef þetta frítekjumark nýtist að fullu sem er ólíklegt. Það væri fróðlegt að fá útreikning TR á þessu.

Við hækkun frítekjumarks um 75.000 krónur munu ráðstöfunartekjur lífeyrisþega hækka um 47.000 krónur á mánuði.

Ofangreindur útreikningur er aðeins gerður til að átta sig á kostnaðartölum og rauntölum. Tölur um fjölda þeirra sem fá ellilífeyri frá TR og fleira eru fengnar af heimasíðu TR sem er mjög aðgengileg og vinnubrögð starfsfólks TR til fyrirmyndar.

Tilgangurinn með þessum skrifum er að vekja athygli á að til að gæta jafnræðis milli lífeyrisþega þarf frítekjumark að ná til allra tekna enda þá í samræmi við núverandi greiðslukerfi TR.

Með von um að gott samstarf megi takist meðal þingmanna um þessi mál þegar þing kemur saman eftir kosningar.

# Hvar eru stóru spurningarnar?

2017



**Kristín Ástgeirsdóttir**
fyrrverandi þingkona Kvennalistans

Mikið skelfing er hægt að gera pólitískar umræður á Íslandi leiðinlegar. Það sem fréttamenn virðast hafa mestan áhuga á er hvernig eigi að fjármagna þetta eða hitt og hvort það eigi að lækka eða hækka skatta. Lífið snýst ekki bara um peninga, sem betur fer.

Hvar eru hugsjónirnar? Hvar eru stóru spurningar um það hvernig stjórnmálafólk vill þróa íslenskt þjóðfélag? Á að stefna að sjálfbæru samfélagi, meiri jöfnuði og jafnrétti eða svona 2007 samfélagi þar sem sumir græða og grilla? Eða kannski gjörbreyttu jafnréttissamfélagi þar sem umönnun og velferð eru lykilhugtök sem allt annað þjónar, þar með talið atvinnulífið?

### Vandi jarðarinnar og ofbeldismálin

Hvernig ætla stjórnmálaflokkarnir að bregðast við loftslagsvandanum? Samkvæmt nýjustu fréttum erum við að auka útblástur gróðurhúsalofttegunda í stað þess að minnka hann. Loftslagsbreytingar og afleiðingar þeirra eru mesti vandinn sem mannkynið á við að glíma og í raun ætti umræðan að snúast langmest um hann. En nei, það er varla minnst á vanda jarðarinnar og gjörðir mannanna í þeim efnum, hvað þá ábyrgð okkar Íslendinga sem mengum og sóum hrikalega.

Hvernig ætla flokkarnir að kveða niður kynbundið ofbeldi? Stjórnin sprakk út af ærumálum barnaníðinga og nauðgara. Fáum við markvissa aðgerðaáætlun gegn ofbeldi strax eftir kosningar (drög að henni er að finna í skúffum velferðarráðuneytisins) og verður strax gengið í að fullgilda Istanbúlsamning Evrópuráðsins? Hann snýst um skyldur stjórnvalda við að kveða niður ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi. Ísland á eitt Norðurlandanna eftir að fullgilda samninginn.

### Hvað um börnin?

Hvað um launamisréttið sem við vorum minnt á enn og aftur 24. október? Verður jafnlaunavottuninni fylgt eftir og gengið í að endurmeta störf mikilvægra stétta eins og kennara, hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða án þess að allt fari á annan endann? Það sárvantar bæði kennara og hjúkrunarfræðinga og það verður að grípa til aðgerða.

Hvað um vanda þúsunda barna sem búa við vanrækslu? Verða skattalækkanir til að leysa mál þeirra? Ég held ekki. Það þarf heildstæða stefnu hvað varðar aðstæður barna, kjör þeirra og líðan. Hvað er mikilvægara í einu samfélagi en að búa vel að börnum? Það kostar auðvitað peninga en það er hægt að forgangsraða.

**Ræðum siðferði og spillingu, lýðræði, mannréttindi, menningu og menntun en þó fyrst og fremst þá ábyrgð okkar að byggja upp sjálfbært, réttlátt þjóðfélag jöfnuðar, jafnréttis og friðar.**

### Mannréttindi og stjórnarskrá

Hvað um mannréttindi minnihlutahópa? Það hefur dregist árum saman að samþykkja tvær tilskipanir EU sem kveða á um jafnan rétt minnihlutahópa á vinnumarkaði. Ísland er eina landið innan EES sem ekki tryggir slík réttindi og það er til skammar.

Ég gæti nefnt ýmislegt fleira eins og stefnuleysið í ferðamálum að ekki sé nú minnst á nýja stjórnarskrá. Sú sem við eigum frá 1944 var bráðabirgðasmíð en síðustu ríkisstjórnir hafa svikið okkur um að ljúka því verki, þrátt fyrir þjóðaratkvæði um tillögur Stjórnlagaráðs. Ótrúleg vinnubrögð þar á ferð.

Nei, ræðum inntak þess sem við viljum gera á næstu árum ekki bara hvað aðgerðirnar kosta og hvaðan á að taka peningana. Ræðum siðferði og spillingu, lýðræði, mannréttindi, menningu og menntun en þó fyrst og fremst þá ábyrgð okkar að byggja upp sjálfbært, réttlátt þjóðfélag jöfnuðar, jafnréttis og friðar.

# Reginn
FASTEIGNAFÉLAG



ZARA

# OPNAR NÝJA OG STÓRGLÆSILEGA VERSLUN Í SMÁRALIND KL. 14 Í DAG

Reginn og Smáralind óska ZARA innilega til hamingju með flaggskipsverslun sína á tveimur hæðum í Smáralind.

Við erum stolt af því að vera með einu verslun ZARA á Íslandi.

Reginn hf. • Hagasmára 1, 201 Kópavogi • Sími: 512 8900 • reginn@reginn.is • reginn.is

# Hvatning til stjórnmálamanna

2017



**Hallgrímur Axelsson**
Tromsø

Í ágætri bók sinni um svarta víkinginn færir Bergsveinn Birgisson sterk rök fyrir því að velgengni fyrstu landnámsmanna okkar byggðist á þrælahaldi og arðráni auðlinda. Jafnframt nefnir Bergsveinn að á kristnum tíma var tekið upp vistarbandið, sem samsvarar nánast þrælahaldi.

Er á Íslandi enn í dag eitthvert form þrælahalds? Já, fjölmargir Íslendingar eru þrælar bankanna. Undirritaður, sem býr erlendis, gerði samanburð á lánskjörum, íslenskum, norskum og dönskum. Af sambærilegum lánum hvað varðar lánstíma er mánaðarleg greiðsla á Íslandi um 0,8 prósent af eftirstöðvum. Í Noregi og Danmörku um 0,4 prósent. Samt er verðbólga einnig í þeim löndum.

Ef stjórnvöld íslensk hefðu tekið réttar ákvarðanir og sett betri lög á sínum tíma, hefði ekki orðið hrun og við hefðum sambærileg kjör og gerist í nágrannalöndum okkar. Ef spurt er hvers vegna þetta viðgengst er gjarnan svarað að þetta sé vegna lífeyrissjóðanna eða íslensku krónunni að kenna.

Forsætisráðherrann okkar hefur komið auga á allt það fé sem er fólgið í bankakerfinu, enda augljóst á ofansögðu að þar safnast fé sem er jú grundvöllur fyrir sverar bónusgreiðslur. Jafnframt spáði hann því í blaðaviðtali að líklegast mundi græðgi á Íslandi leiða aftur til hruns.

Það er hlutverk stjórnvalda að setja réttlátan ramma um mannlífið. Það er hægt að setja lög gegn okri og lög sem hindra þá gráðugu. Sama hvers vegna við búum við okurvexti þurfa komandi stjórnvöld að leiðrétta ranglætið, það er þeirra hlutverk. Fjöldi fólks flutti burt frá landinu eftir hrun og margir eru enn reiðir yfir hversu fjarri jafnræðisreglu var sótt að fólki. Fyrir margt af þessu fólki er útilokað að flytja heim aftur vegna aðstæðna heima.

Nú er tími kosningaloforða. Verður raunin sú að við taki tími svikinna loforða? Takið þið stjórnmálamenn ykkur tak varðandi réttlætismál, lánskjör, nýja stjórnarskrá, málefni eldri borgara og öryrkja.

# Klúbburinn Geysir með þér út í lífið



**Benedikt Gestsson**
aðstoðarframkvæmdastjóri Klúbbsins Geysis

Klúbburinn Geysir er virkniúrræði fyrir fólk með geðraskanir og hefur starfað á Íslandi frá 1999. Á þessum árum hefur margt breyst til hins betra í meðferð geðsjúkra á Íslandi. Það framsýna fólk sem ruddi brautina fyrir stofnun klúbbsins á miklar þakkir skildar, enda er klúbburinn fyrsta úrræði sinnar tegundar á Íslandi þar sem skapaður er grundvöllur fyrir endurhæfingu geðsjúkra utan hefðbundinna geðdeilda sjúkrahúsanna.

Klúbburinn Geysir var aðili að International Center for Clubhouse Development sem komið var á fót árið 1994 en nafni þess breytt í Clubhouse International árið 2013. Clubhouse International hefur starfað sem regnhlífarsamtök vottaðra klúbbhúsa til þess að efla samskipti og sýn samtakanna til framtíðar, auk þess að stýra fræðslu, ráðgjöf og upplýsingagjöf til klúbbhúsa um allan heim.

Þegar Klúbburinn Geysir var stofnaður var ætíð markmiðið að gera hann fullgildan innan klúbbhúsahreyfingarinnar með því að sækja um vottun, jafnframt því að slík vottun yrði vegsauki og gæðaviðurkenning á starfi hans á Íslandi. Í janúar á þessu ári fékk klúbburinn vottun í fjórða sinn til þriggja ára. Að baki vottuninni liggur mikil vinna og sjálfsrýni félaga og starfsfólks klúbbsins á starfsemi hans. Að sjálfsögðu er þessi viðurkenning hvatning fyrir félaga og starfsfólk klúbbsins til að halda góðu starfi áfram og slaka ekki á kröfunum.

Í átján ár hefur klúbburinn stutt félaga til virkni á vinnumiðuðum degi í klúbbnum þar sem þátttaka í starfinu er einn grundvöllur þess að ná árangri, bæði í samskiptum og daglegum verkum. Í framhaldi af veru sinni í klúbbnum er fólk tilbúnara til þess að stíga öruggari skrefum úti í samfélaginu, bæði í vinnu og námi, og öðlast þannig betri lífsgæði í fjölbreytilegum aðstæðum daglegs lífs. Klúbburinn Geysir tekur vel á móti þér. Ef þú átt við geðræn veikindi að stríða eða átt í kröppum dansi af geðrænum toga er þér velkomið að hafa samband. Sjá nánar á: http://kgeysir.is/.

**Byggjum allt Ísland**

Opna þarf augun fyrir frjálsum handfæraveiðum Pírata, og að milljarðar lífvera, td. fiskseiði og fiskegg, fela sig á botni fiskimiða okkar, til að verða ekki étin af stærri fiskum.

Allt þetta líf er óvarið fyrir þungum veiðarfærum, dregnum af togveiðiflota okkar dag og nótt.

Fiskimiðin eru eilífðarvél, sem við getum nýtt að eilífu, en í dag getur vélin ekki brauðfætt þessa örþjóð.,




# Hin krassandi umræða



**Ragnar Sverrisson**
kaupmaður á Akureyri

Haustfundaröð Samtaka atvinnulífsins var auglýst með miklum glæsibrag og þess getið að auk kaffis og meðlætis yrði boðið upp á krassandi umræður. Einn slíkur fundur var haldinn á Akureyri og þangað mætti ég eins og fjöldi annarra og hlustaði með andakt á þrjá talsmenn þessara virtu heildarsamtaka útlista af mikilli íþrótt ástandið í efnahagsmálum, hagvöxt, gengi íslensku krónunnar, verðbólgu og horfur á vinnumarkaði. Allt ósköp notalegt með myndum og gröfum í hæsta gæðaflokki ásamt með mikilli mælsku um að varðveita verði stöðugleikann og gæta þess að þjóðarskútan hallist ekki enda sýni reynslan að þá geti verið stutt í að hún fari á hvolf með óskaplegum afleiðingum. Þess vegna yrði að fara að öllu með gát því þrátt fyrir gott ástand í dag væru blikur á lofti.

Margt var skynsamlega sagt í þessum framsögum. Þó saknaði ég þess að þau nefndu ekki einu orði hvaða áhrif minnsti gjaldmiðill í veröldinni – íslenska krónan – hefur haft og mun að óbreyttu hafa á efnahagsmál Íslendinga og lífskjör þegnanna. Ekki varð undrun mín minni þegar við upphaf hinnar „krassandi umræðu“ var tekið fram að ekki væri ætlast til þess að fundarmenn færu að ræða hvaða þýðingu það gæti haft til framtíðar að taka upp evru eða annan öflugan gjaldmiðil. Nei, það var einfaldlega ekki á dagskránni og þaðan af síður hvað biði íslensks atvinnulífs ef við gengjum í ESB.

> **Ekki varð undrun mín minni þegar við upphaf hinnar „krassandi umræðu“ var tekið fram að ekki væri ætlast til þess að fundarmenn færu að ræða hvaða þýðingu það gæti haft til framtíðar að taka upp evru eða annan öflugan gjaldmiðil.**

### Hafa ekki þennan valkost

Ég vakti athygli á því á fundinum að í heil fimmtíu ár hefði ég hlustað á svipaðar ræður og boðið var upp á þessa morgunstund og ekkert nýtt hefði komið fram þó umbúðirnar hafi verið óvenju glæsilegar í þetta sinn. Ég spurði hverju þessi þögn um ofangreindan valkost sætti og hafði þá í huga að flest stærri fyrirtæki hér á landi hafa tekjur sínar í erlendri mynt og færa allt sitt bókhald í evrum eða dollurum en greiða svo starfsmönnum sínum laun í íslenskum krónum. Minni fyrirtæki og launþegar hér á landi hafa ekki þennan valkost en eru neydd til að velkjast í áratugi um úfinn sjó á hinni örlitlu fleytu sem íslenska krónan er.

Nei, þetta má auðvitað ekki ræða á virðulegum fundum SA en hjala frekar um trausta efnahagsstjórn um borð í þessari kænu sem vill til að siglir lygnan sjó um þessar mundir. En svo gerist það sama og gerst hefur síðustu áratugina. Blikur hrannast upp á loftið, það fer að hvessa og litla þjóðarfleytan tekur miklar dýfur og er hvað eftir annað við það að velta á hliðina og sökkva með manni og mús. En í stað þess að skoða aðra möguleika má aðeins tala um siglingu í logni og forðast að ræða valkosti sem hafa reynst öðrum þjóðum vel í úfnum sjó. Ekki einu sinni að ræða það – jafnvel ekki á samkomum sem bjóða upp á „krassandi umræður“.

Þegar ég gekk út af fundinum sæla hugsaði ég með mér: „Maður á auðvitað ekki að tala um snöru í hengds manns húsi.“

# Íslensk stjórnmálaumræða og ný stjórnarskrá

2017



**Stefán Erlendsson**
stjórnmálafræðingur

Um daginn hitti ég sænsk hjón sem komu hingað til lands í stutt frí. Við tókum tal saman og ræddum dágóða stund um stjórnmál á Íslandi og í Svíþjóð og muninn á stjórnmálamenningu landanna. Konan sem er hagfræðingur hafði komið til Íslands fyrir tveimur árum og lenti þá fyrir tilviljun á Alþingisrásinni þegar hún var að horfa á sjónvarp. Hún sagðist ekki hafa skilið allt sem fram fór en gat ekki betur séð en að þingmenn væru reiðir og atyrtu hver annan úr ræðustóli og furðaði sig á þessu háttalagi.

Í Svíþjóð beri stjórnmálamenn virðingu fyrir pólitískum andstæðingum sínum og geri sér far um að vera kurteisir og málefnalegir. Ég upplýsti hjónin um að líklega hefði hún hitt á dagskrárlið sem sumir kalla „hálftíma hálfvitanna“ og að hér væri rík átakahefð í stjórnmálum – stóryrði, persónuníð og skætingur einkenndu stjórnmálaumræður á Íslandi.

Lýsandi dæmi um þetta eru niðrandi ummæli fyrrverandi menntamálaráðherra um sérfræðing hjá Merrill Lynch bankanum sem varaði Íslendinga við skömmu fyrir bankahrunið 2008. Ráðherrann lýsti því yfir að maðurinn vissi ekkert í sinn haus og þyrfti greinilega á endurmenntun að halda en hafði varla sleppt orðinu þegar bankarnir féllu með brauki og bramli.

Eftir þessa tölu setti viðmælendur mína hljóða um stund en hjónin spurðu síðan hvort ég kynni einhverjar skýringar á því hvers vegna íslensk stjórnmál væru þessu marki brennd. Algeng skoðun er sú að „ósiðirnir“ í umræðunni eigi sér menningarlegar rætur. Til dæmis hefur Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði við H.Í., bent á að „ef við berum okkur saman við Norðurlöndin þá erum við með svipað regluverk en samt þróast stjórnmálin hjá okkur öðruvísi. Það hefur mikið að gera með söguna og hvað verður venjuleg hegðun innan kerfisins og í rauninni stjórnmálasiðmenning…“

Að mati Ólafs er enginn hægðarleikur að breyta umræðuhefðinni. „Fyrsta skrefið er að tala um þetta.“ Bæði fræðasamfélagið og almenningur geti hér gegnt veigamiklu hlutverki en mikilvægast sé „að stjórnmálamennirnir átti sig á þessu sjálfir“ (Fréttatíminn, 4. maí 2012). Fátt bendir þó til að þeir muni gera það í bráð eða lengd. Þrátt fyrir góðan ásetning fólks sem tekur sæti á Alþingi er eins og það gangi í björg og komi út aftur sem umskiptingar. Núna síðast Guðmundur Steingrímsson, stofnandi og fyrrverandi þingmaður Bjartrar framtíðar. Hann einsetti sér að breyta starfsanda og vinnulagi Alþingis til hins betra en rankaði á endanum við sér í foraðinu miðju.

Á hinn bóginn eru aðrir sem líta svo á að umræðusiðirnir séu ekki einvörðungu menningarleg afurð heldur ráðist jafnframt af kerfislægum þáttum s.s. skipulagi og starfsháttum á vinnumarkaði, stofnanafyrirkomulagi stjórnmálanna, viðteknum hagstjórnaraðferðum og skipan flokkakerfisins. Þeirra á meðal eru Guðmundur Jónsson, prófessor í sagnfræði við H.Í., og Stefanía Óskarsdóttir, dósent í stjórnmálafræði við sama skóla.

### Aðhaldstæki

Fulltrúar Pírata taka í sama streng og halda því fram að rót vandans liggi í stjórnkerfinu sem bjóði heim óheftu meirihlutaræði. Öndvert við Ólaf Þ. Harðarson, sem telur að vandinn verði ekki leystur með kerfisbreytingum, hafa þeir lagt til að sett verði í stjórnarskrá ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur til að stemma stigu við yfirgangi meirihlutans gagnvart minnihlutanum. Slíkt ákvæði, sem heimilaði tilgreindum minnihluta Alþingis og/eða hópi kjósenda að fara fram á þjóðaratkvæðagreiðslu í umdeildum málum, er öðrum þræði hugsað sem aðhaldstæki gagnvart meirihlutanum.

Píratar binda einnig vonir við að ákvæði sem þetta stuðli að bættum samskiptum milli stjórnar og stjórnarandstöðu í þinginu. Sambærilegt ákvæði er að finna í Stjórnarskrá fólksins sem var samþykkt með 67,5% greiddra atkvæða í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2012.

Niðurstöður gagnmerkrar samanburðarrannsóknar á stjórnmálaumræðum í nokkrum löndum renna stoðum undir fyrirkomulag af þessu tagi. Til grundvallar rannsókninni, sem unnin var af alþjóðlegu rannsóknarteymi með aðsetur í Sviss, liggja stofnana- og atferliskenningar í félagsfræði, greining stjórnmálafræðingsins Arends Lijphart á samkeppnis- og samvinnustjórnkerfum og kenningar á sviði rökræðulýðræðis.

Eitt mikilvægt einkenni samvinnustjórnkerfa samkvæmt Lijphart eru aðhaldstæki á borð við þjóðaratkvæðagreiðslur. Rannsóknin leiðir m.a. í ljós að þegar minnihlutinn getur skotið umdeildum málum í þjóðaratkvæði skapar það hvata og/eða knýr meirihlutann til að koma fram við minnihlutann af meiri virðingu en ella og jafnvel taka tillit til sjónarmiða hans ólíkt því sem tíðkast í stjórnkerfum þar sem slíkt er ekki til staðar.

Það er t.d. borðleggjandi að ef nýja stjórnarskráin hefði verið í gildi þegar breyting á lögum um stjórn fiskveiða var samþykkt á Alþingi vorið 2013 hefði stjórnarmeirihlutinn verið gerður afturreka með málið eða séð sig knúinn til að miðla málum eða semja við minnihlutann. Tæplega 15 prósent kjósenda höfðu mótmælt þessari ákvörðun með því að rita nafn sitt á undirskriftalista og skoðanakannanir sýndu að þorri landsmanna var mótfallinn lagabreytingunni.

ILVA

26. - 29. OKTÓBER

# TAX FREE

## AF ÖLLUM VÖRUM*

Fimmtudag - sunnudags

*Gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði.




© ILVA Ísland 2017 Virðisaukaskatturinn er reiknaður af við kassann.

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað ILVA

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

Netgíró

shop online

## Ný kynslóð lagði gömlu góðu Svíagrýluna



**Fyrsti af mörgum** Gísli Þorgeir Kristjánsson, 18 ára gamall leikmaður FH í Olís-deild karla, þreytti frumraun sína með íslenska landsliðinu í gær og stóð sig vel eins og allir hinir ungu strákarnir sem fengu tækifærið. Kristján Arason, faðir Gísla, þurfti nú nokkrum sinnum að glíma við Svíagrýluna en sonurinn byrjaði á sigri með íslenska liðinu í fyrsta leik á móti þessum fornu fjendum okkar Íslendinga. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Þeir líta á mig sem Svía

**Kristján Andrésson hefur núna stýrt sænska landsliðinu í rúmt ár. Árangurinn hefur verið góður og kallar á meiri væntingar sem Kristján tekur fagnandi. Hann hafði áhuga á að taka við íslenska landsliðinu í fyrra.**

**HANDBOLTI** Rúmt ár er síðan Kristján Andrésson stýrði sænska karlalandsliðinu í handbolta í fyrsta sinn. Kristján tók við sænska liðinu eftir ÓL í Ríó og árangurinn undir hans stjórn hefur verið framúrskarandi. Svíar enduðu t.a.m. í 6. sæti á HM í janúar. Kristján er nú staddur hér á landi vegna tveggja vináttulandsleikja Íslands og Svíþjóðar.

„Ég er mjög ánægður með fyrsta árið. Þetta er ungt lið. Það voru margir reyndir leikmenn sem gáfu ekki lengur kost á sér eftir ÓL. Það er ótrúleg barátta í hópnum og leikmenn sem vilja verða virkilega góðir handboltamenn,“ sagði Kristján í samtali við íþróttadeild.

Kristján, sem lék á sínum tíma 13 landsleiki fyrir Ísland, hefur búið í Svíþjóð nær alla sína ævi. Hann þjálfaði Guif Eskilstuna með góðum árangri áður en honum bauðst að taka við sænska landsliðinu.

„Þetta er allt annað en að vera með félagslið. Ég er búinn að vinna í sænsku deildinni í rúm 10 ár. Að fá þetta starf, að vinna með bestu leikmönnunum í Svíþjóð, það kemur pressa með því eins og á að vera. Þetta hefur verið mjög skemmtilegt,“ sagði Kristján.

Þegar Kristján var ráðinn þjálfari sænska liðsins töluðu sumir um hann sem einhvers konar skammtímalausn í þjálfarastarfið. Hann gefur slíku umtali lítinn gaum.

„Það eru margir duglegir þjálfarar til í Svíþjóð og það var talað um að það væru einhverjir á undan mér í röðinni. En ég er bara mjög ánægður að vera einn af þeim fremstu í röðinni. Þetta hefur verið skemmtilegt fyrsta ár og ég er ánægðastur með spilamennskuna. Við lentum í 6. sæti á HM og þegar allir eru frískir og heilir erum við með lið sem getur barist um medalíur,“ sagði Kristján.

Það getur verið erfitt fyrir útlending að þjálfa landslið annarrar þjóðar eins og Guðmundur Guðmundsson fékk að kynnast meðan hann var landsliðsþjálfari Danmerkur. Kristján segist ekki hafa fundið fyrir því að vera útlendingur að þjálfa sænska landsliðið.

„Væntingarnar voru ekki miklar og við spiluðum betur en þær gáfu til kynna. Núna eru væntingarnar meiri og það eru væntingar sem mér finnst við eiga að hafa. Það verður spennandi að sjá hvað ég segi eftir nokkra mánuði ef það blæs á móti. Ég er alinn upp mestan hluta í Svíþjóð, hef farið í þjálfaraskóla í Svíþjóð og þeir líta á mig sem Svía,“ sagði Kristján.

Hann segir að HSÍ hafi rætt við sig þegar leitin að næsta landsliðsþjálfara Íslands stóð yfir í fyrra.

> Núna eru væntingarnar meiri og það eru væntingar sem mér finnst við eiga að hafa.
>
> Kristján Andrésson



„Ég veit ekki hvort ég kom til greina. Mér var ekki boðið starfið en það var talað við mig. Það var ekkert meira en það,“ sagði Kristján sem segist mundu hafa tekið við Íslandi hefði honum boðist það.

„Ef ég hefði fengið möguleika? Auðvitað. Það er mikill heiður og stórt hlutverk að vera þjálfari íslenska landsliðsins. Ég hefði ekki getað sagt nei.“

Hin margumtöluðu kynslóðaskipti virðast loksins vera að eiga sér stað í íslenska landsliðinu en hópurinn sem Geir Sveinsson valdi fyrir leikina gegn Svíum er mjög ungur. Kristján er nokkuð bjartsýnn á framhaldið hjá íslenska liðinu.

„Það fer eftir því í hvaða átt þessir ungu leikmenn fara. Við höfum sýnt að við getum náð í medalíu. Verði þeir frískir og fái að verða góðir og sterkir leikmenn í ró og næði eigum við alla möguleika. Mér finnst Ísland alltaf koma til leiks með mikla baráttu. Ég hef trú á því að þetta verði sterkt lið,“ sagði Kristján að lokum. **ingvithor@365.is.**




## Nýjast

### Vináttulandsleikur í handbolta

**Ísland - Svíþjóð 31-29**

**Mörk Íslands**: Ólafur Guðmundsson 6 (9), Bjarki Már Elísson 5 (6), Janus Daði Smárason 4 (6), Ómar Ingi Magnússon 4 (4), Rúnar Kárason 3 (4), Ásgeir Örn Hallgrímsson 2 (3), Daníel Þór Ingason 2 (4), Arnar Freyr Arnarsson 1 (2), Atli Ævar Ingólfsson 1 (1).

***Liðin mætast aftur í Laugardalshöll á laugardaginn klukkan 16.00 en leikirnir eru liður í undirbúningi fyrir EM 2018 þar sem liðin eru saman í riðli.***

### Domino´s-deild karla

**Valur - KR 73-80**

**Valur**: Urald King 26/19 fráköst/4 varin skot, Austin Magnus Bracey 14/5 stoðsendingar, Sigurður Dagur Sturluson 11/6 fráköst, Illugi Steingrímsson 8, Sigurður Páll Stefánsson 5, Birgir Björn Pétursson 4/6 fráköst, Elías Kristjánsson 3, Benedikt Blöndal 2/5 fráköst/6 stoðsendingar.
**KR**: Kristófer Acox 23/12 fráköst/3 varin skot, Jalen Jenkins 17/10 fráköst/4 varin skot, Darri Hilmarsson 13/4 fráköst, Björn Kristjánsson 11/4 fráköst, Pavel Ermolinskij 8/5 stoðsendingar, Sigurður Á. Þorvaldsson 4, Arnór Hermannsson 4.

**ÍR - Njarðvík 82-79**

**ÍR**: Matthías Orri Sigurðarson 25/7 fráköst/5 stoðsendingar, Ryan Taylor 22/8 fráköst, Danero Thomas 14/4 varin skot, Kristinn Marinósson 9/7 fráköst, Sveinbjörn Claessen 4, Daði Berg Grétarsson 3, Trausti Eiríksson 2, Sæþór Elmar Kristjánsson 2, Sigurkarl Róbert Jóhannesson 1/5 fráköst.
**Njarðvík**: Maciek Stanislav Baginski 19, Logi Gunnarsson 16, Terrell Vinson 14/11 fráköst, Vilhjálmur Theodór Jónsson 7, Ragnar Helgi Friðriksson 6, Ragnar Agust Nathanaelsson 6/8 fráköst, Oddur Rúnar Kristjánsson 6/6 fráköst, Snjólfur Marel Stefánsson 5/4 fráköst.

**Haukar - Keflavík 87-90**

**Haukar**: Kári Jónsson 28/7 fráköst, Hjálmar Stefánsson 14, Paul Anthony Jones III 12/10 fráköst, Breki Gylfason 11, Emil Barja 10/4 fráköst, Finnur Atli Magnússon 6/9 fráköst, Kristján Leifur Sverrisson 4/5 fráköst, Haukur Óskarsson 2.
**Keflavík**: Reggie Dupree 29/6 fráköst, Cameron Forte 24/7 fráköst, Guðmundur Jónsson 10, Ragnar Örn Bragason 9, Magnús Már Traustason 6/5 fráköst, Þröstur Leó Jóhannsson 5, Daði Lár Jónsson 5, Ágúst Orrason 2/4 fráköst.

**Þór Ak. - Höttur 93-85**

**Þór Ak.**: Pálmi Geir Jónsson 27/10 fráköst, Ingvi Rafn Ingvarsson 21, Marques Oliver 17/20 fráköst/9 stoðsendingar, Júlíus Orri Ágústsson 11/4 fráköst, Hreiðar Bjarki Vilhjálmsson 8, Sindri Davíðsson 7/7 stoðsendingar, Bjarni Rúnar Lárusson 2/4 fráköst.
**Höttur**: Sigmar Hákonarson 20/4 fráköst, Ragnar Gerald Albertsson 17/10 fráköst, Aaron Moss 15/6 fráköst, Mirko Stefan Virijevic 12/11 fráköst, Hreinn Gunnar Birgisson 8, Gísli Þórarinn Hallsson 7, Andrée Fares Michelsson 6.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Keflavík | 6 | Grindavík | 4 |
| KR | 6 | Njarðvík | 4 |
| ÍR | 6 | Þór Ak. | 4 |
| Haukar | 4 | Valur | 2 |
| Tindastóll | 4 | Þór Þ. | 0 |
| Stjarnan | 4 | Höttur | 0 |

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.30 | Sanderson Farms | Golfst. |
| 18.40 | Leeds - Sheff. Utd. | Sport 2 |
| 19.45 | Grindavík - Tindast. | Sport |
| 22.00 | Domino's-körfub.kv. | Sport |
| 00.00 | Minnesota - OKC | Sport |
| 03.00 | WGC: HSBC Champ. | Golfst. |

**Domino's-deild karla:**
19.15 Þór Þ. - Stjarnan
20.00 Grindavík - Tindastóll

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 27. OKTÓBER 2017



# Traust gagnvart öðrum er verðmætt

Hanna Borg Jónsdóttir, lögfræðingur og nemi í kennslufræðum, er stödd á Íslandi ásamt manni sínum, Ásgeiri Erni Hallgrímssyni, landsliðsmanni í handbolta, og tveimur sonum. Fjölskyldan býr í Frakklandi og Hanna notar tímann vel á Íslandi. →2

Hanna Borg Jónsdóttir er lögfræðingur og nemi í kennslufræðum. Hún hefur miklar skoðanir á mannréttindamálum barna. MYND/ERNIR



**Snorri Sigurfinnsson, matreiðslumeistari á Messanum, segir galdurinn á bak við góðan fisk að elda hann á heitri pönnu og krydda vel.**

Matur →4







LÍNAN BÆJARLIND 14 - 16 | KÓPAVOGUR | SÍMI 553 7100 | WWW.LINAN.IS | OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Framhald af forsíðu ➪

Hanna Borg segir að þau dvelji á landinu í tvær vikur. Ásgeir Örn kom heim til að leika með landsliðinu í vináttuleikjum við Svía, hún nýtir tímann í verkefni í háskólanum auk þess sem þau munu fagna stórafmæli foreldra hennar á morgun, kosningadag.

Hanna vakti athygli í fyrra þegar hún sendi frá sér bókina Rúnar góði þar sem áhugamál hennar, mannréttindi barna, voru kynnt fyrir lesendum. Bókin var skrifuð með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi og hefur nýst vel í yngstu bekkjum grunnskólanna. Það var Heiðdís Helgadóttir sem myndskreytti bókina. Rúnar góði hvetur börn til hugleiðinga um mismunandi aðstæður og líf barna. Hanna kynntist vel skólastarfi á Íslandi þegar hún kynnti bókina og kolféll fyrir því, að eigin sögn. „Augun fóru að opnast fyrir svo mörgum möguleikum í skólastarfinu og svo var vinnan með börnunum svo ótrúlega gefandi. Þau eru uppfull af hugmyndum og sjónarmiðum sem við fullorðna fólkið mættum svo gjarnan læra af þeim,“ segir hún.

## Mannréttindi fyrir börn

Hanna lauk laganámi frá Háskóla Íslands árið 2012 og fór síðan í framhaldsnám í mannréttindum við University of London sem hún kláraði í vor. „Margir spyrja mig af hverju ég sé í námi í kennslufræði fyrir grunnskóla. Ég er sem sagt í fjarnámi hjá menntavísindasviði Háskóla Íslands. Þetta er skemmtilegt nám sem ég er afskaplega ánægð með að hafa valið. Í gegnum allt lögfræðinámið mitt var ég að leita leiða til að sérhæfa mig til að vinna með börnum. BA-verkefnið mitt tengdist forsjárdeilumálum. Mastersritgerðin mín fjallaði um mannréttindi barna í íþróttum. Mér fannst því stórkostlegt tækifæri að komast í þetta nám og geta stundað það frá Frakklandi. Ég var eiginlega að hlusta á hjarta mitt,“ segir Hanna sem hefur sannarlega fundið sig í náminu. „Námið opnar mér dyr að vinna með börnum. Í þessari námsgrein ræðum við hluti sem hægt er að framkvæma til að bæta skólastarfið og menntun barna í landinu. Til dæmis gæti það bætt samfélag okkar mikið að kenna börnum strax frá byrjun um réttindi þeirra og leggja enn frekari áherslu á lýðræðislega hugsun og samfélagslega ábyrgð. Að byggja upp góða og virka samfélagsþegna. Til að umbætur geti orðið að veruleika þarf öfluga leiðtoga með opinn huga og trú á því að það sé hægt. Það trú hef ég,“ segir Hanna og hér er greinilega um hjartans mál að ræða hjá henni.

*En hvaðan kemur þessi mikli áhugi á mannréttindum?*

„Ég hef alltaf haft mjög ríka réttlætiskennd. Get komist í mikið uppnám ef mér finnst brotið á einhverjum. Sumir hræðast þetta orð, mannréttindi, og þá sérstaklega mannréttindi barna. Aðrir spyrja hvort ástæða sé til að ræða svoleiðis hluti við börn. Mín skoðun er sú að um leið og við fræðum börnin um réttindi þeirra og skyldur verða þau meðvituð um hvað sé rangt og hvað sé rétt. Þá standa þau upp bæði fyrir sjálfum sér og hvert fyrir öðru til að verjast óréttlæti. Það verður líka auðveldara að útskýra fyrir þeim af hverju sumt má en annað ekki. Að bera virðingu fyrir náunganum er mér hugleikið, rétt eins og jafnrétti kynjanna,“ útskýrir Hanna.

## Að láta drauma sína rætast

Hanna er tvíburasystir Jóns Jónssonar tónlistarmanns og yngri bróðir þeirra er Friðrik Dór en báðir eru þeir að hasla sér völl í sjónvarpi um þessar mundir. Hún vitnar í texta tvíburabróður síns þegar hún segir: „Mér er ofarlega í huga það sem Jón syngur: „Ávallt virtu hjartans birtu, hún þig leiðir, sorgum eyðir.“ Það hefur svo góð áhrif að hafa áhuga og ástríðu fyrir einhverju. Ef þú hefur það gerir þú allt af svo mikilli alúð og þess vegna miklu betur. Það er mikilvægt að hvetja fólk til að hlusta á hjartað og framkvæma það sem það langar til. Jón bætir við í textanum: „Lífsins lausnir inni í þér“ sem fær mig til að hugsa um kosningarnar á morgun og alla þá sem eru virkir á samfélagsmiðlum. Þar er mikil neikvæðni og margir kappkosta að skjóta hinn aðilann niður. Ég hef lengi búið erlendis og sé hlutina kannski úr meiri fjarlægð. En ég spyr, hefur allt þetta neikvæða fólk horft í eigin barm? Er kannski eðlilegra að byrja hjá sjálfum sér til að bæta eigið líf og gera samfélagið betra? Hvað get ég gert?“ spyr Hanna og segist hafa fylgst af áhuga með stjórnmálaumræðunni undanfarna daga. „Ég veit samt ekki enn hvar x-ið mitt endar,“ segir þessa unga kona og bætir við: „Það kemur mér til dæmis mikið á óvart hversu lítið er fjallað um framtíðarmenntastefnu í grunnskólum. Aðalnámskrá er mjög lituð af pólitík sem getur verið afar óþægilegt þegar oft er skipt um ráðherra. Mikil og metnaðarfull vinna getur farið forgörðum við stjórnarslit.“

## Stefnir heim eftir rúman áratug erlendis

Hanna og Ásgeir stefna á að flytja heim eftir eitt og hálft ár. Þau eru búin að vera í Frakklandi í fimm ár en bjuggu áður í Þýskalandi og Danmörku. Þau eiga tvo drengi, Dag, 3ja ára, og Tuma, 5 ára. „Ég vil að strákarnir mín fái metnaðarfulla kennslu þegar þeir fara í skóla hér heima. Það má ekki vera tilviljanakennt hvernig hún verður, þessi vöntun á kennurum með kennsluréttindi er háalvarlegt mál. Það er að svo mörgu að hyggja, við þurfum að horfa fram á við og notfæra okkur og takast á við nýjustu þekkingu. Það er ekki nóg að eitthvað sé gott eða ágætt, við verðum að halda áfram að gera betur. Ég stóð lengi í þeirri trú að Ísland væri besta land í heimi varðandi jafnrétti kynjanna. En við nánari athugun ríkir hér til dæmis gríðarlegur kynbundinn launamunur og konur eru ekki að uppskera til jafns við karlmenn af menntun sinni þegar kemur að völdum og áhrifum. Það er því enn mikil vinna eftir til að ná fullu jafnrétti kynjanna en til að vinna að því er einmitt ýmis tækifæri að finna í skólunum,“ segir hún.

Hanna segir að þótt gott sé að búa í Frakklandi á margan hátt séu líka ókostir. Hún saknar frelsisins hér heima og segir að traust gagnvart öðrum sé verðmætt. „Í Frakklandi lokar fólk heimili sín mikið af, t.d. með girðingum, þar ríkir mikið vantraust gagnvart náunganum. Hryðjuverkaógn setur svip sinn á allt lífið, meira að segja í skólum.“

Skólaskylda í Frakklandi hefst þegar börn eru þriggja ára. „Strákarnir eru mjög ánægðir í skólanum. Mikil áhersla er lögð á aga í frönskum skólum en námið gengur ótrúlega vel og hentar þeim. Ég er svo heppin að vera heimavinnandi og veit að það eru mikil forréttindi en á sama tíma er mér mikilvægt að virkja hugann í metnaðarfullu námi og verkefnum. Mér finnst æðislegt að vera mamma og nýt þess. Tíminn líður hratt og fyrstu ár barnanna eru mikilvæg. Ég er þess vegna mjög þakklát fyrir að hafa tíma til að sinna börnunum mínum eins vel og ég vil og vera til staðar. Við hugum að hollu mataræði og svo finnst mér rosalega gaman að dansa. Við hjónin dönsum alveg helling með strákunum okkar á stofugólfinu heima og skemmtum okkur vel. Dansinn bætir lífið,“ segir Hanna sem stundar einnig jóga. „Mér finnst íþróttastarf með yngri börnum til fyrirmyndar á Íslandi. Árangur landsliða okkar á erlendri grundu vekur mikla athygli í Frakklandi.“

*En er væntanleg ný barnabók?*

„Ég er með ótrúlega margar hugmyndir í kollinum og ný bók kemur örugglega einn daginn.“



„Ég er svo heppin að vera heimavinnandi og veit að það eru mikil forréttindi en á sama tíma er mér mikilvægt að virkja hugann í metnaðarfullu námi og verkefnum,“ segir Hanna. MYND/HANNA



Fjölskyldan býr í Frakklandi en er í heimsókn á Íslandi, meðal annars vegna handbolta og stórafmælis. Hanna og Ásgeir með Tuma og Dag.



Tvíburasystkinin Hanna Borg Jónsdóttir og Jón Jónsson eru samrýmd. Þessi mynd var tekin af þeim árið 2004. Hanna vísar í texta Jóns þegar hún rabbar um lífsins gildi.






**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Jólaóróinn í ár

Verð aðeins kr. **6.450.-**

GEORG JENSEN

**HÖNNUÐUR: ALFREDO HÄBERLI**

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / www.epal.is

epal



# Síðustu dagar veislunnar

## Blómkál og spergilkál er hægt að elda á ótal vegu, t.d. sjóða það, grilla, steikja á pönnu, baka í ofni eða borða kalt. Nú lýkur senn uppskerutíma á íslensku blómkáli og spergilkáli.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Nanna Rögnvaldardóttir, ritstjóri hjá Forlaginu og matgæðingur. MYND/ERNIR

Samkvæmt grænmetisdagatali Sölufélags garðyrkjumanna lýkur uppskerutíma á blómkáli og spergilkáli í lok október. Það er því ekki seinna vænna að nýta næstu daga í að elda eitthvað gómsætt úr þessu ljúffenga og holla grænmeti sem elda má á mismunandi vegu, t.d. sjóða, grilla, steikja, baka og borða hrátt.

Ein þeirra, sem eru dugleg að nýta blómkál og spergilkál í matreiðslu, eins og raunar flest annað íslenskt grænmeti, er Nanna Rögnvaldardóttir, ritstjóri hjá Forlaginu, matgæðingur og höfundur fjölda matreiðslubóka. „Blómkálið hefur verið dálítið í tísku síðustu árin, ekki síst hjá þeim sem vilja sneiða hjá kolvetnum og matreiða t.d. blómkálsgrjón, blómkálspítsubotna og heilmargt annað.“

Það er hægt að elda bæði blómkál og spergilkál á ótal vegu segir hún. „Blómkál er hægt að ofnsteikja, bæði heila hausa og í kvistum, skera hausana í sneiðar, steikja á pönnu og bera fram eins og hverja aðra steik og jafnvel grilla það. Það má hægelda blómkálið í ofni í sósu eða kryddolíu, eða léttbaka það og setja svo í matvinnsluvél og nota grjónin í eins konar kúskús eða tabbouleh og aðra grjóna- og kornrétti og svo framvegis. Sama má segja um spergilkálið, það er hægt að baka það, steikja á pönnu, nota í wok-rétti, gera úr því eins konar pestó og nota út á pasta, djúpsteikja það, nota í eggjakökur og bökur – eða bara hvað sem er.“

### Gerir tilraunir

Sjálf segist hún nota bæði hráefnin oft heima fyrir. „Núna er ég til dæmis að gera tilraunir með ofnbakaða spergilkálskvisti með krydduðu pankoraspi. Ég sker oft alla stöngla af spergilkálinu, nota þá í tiltekna rétti og kvistina í eitthvað allt annað því þeir þurfa styttri tíma. Ég er líka hrifin af blómkáls-„poppkorni“, þar sem maður skiptir því niður í litla kvisti, veltir þeim upp úr kryddolíu og bakar við háan hita og notar sem snakk. Og svo er alltaf gaman að finna blómkál í öðrum litum en þessum hefðbundna, t.d. fjólublátt eða gult, því það er hægt að gera svo margt skemmtilegt með það.“

Nanna er nýlega búin að senda frá sér matreiðslubókina Pottur, panna og Nanna auk þess sem verið er að endurútgefa fyrstu bók hennar, Matarást, um þessar mundir. „Svo að ég er í smápásu núna en auðvitað er ég í stöðugum tilraunum í eldhúsinu. Hvort eitthvað sem ég geri þar um þessar mundir ratar einhvern tíma í bók verður tíminn að leiða í ljós.“

Hér gefur hún lesendum uppskrift að ilmandi sveppasúpu sem inniheldur bæði blómkál og spergilkál.



Ilmandi sveppasúpan inniheldur m.a. blómkál og spergilkál. MYND/NANNA RÖGNVALDARDÓTTIR

### Sveppasúpa með blómkáli og spergilkáli

**250 g sveppir**
**Nokkrir þurrkaðir sveppir**
**100 g blómkál**
**100 g spergilkál**
**2 msk. smjör**
**1 msk. grænmetis- eða kjúklingakraftur**
**1 hvítlauksgeiri**
**1 timjangrein**
**Pipar, salt, klípa af chili-flögum**
**1 l vatn**



Fjölbreytt hráefni er undirstaðan í þessari ljúffengu súpu. MYND/NANNA RÖGNVALDARDÓTTIR

Smjörið er brætt á lítilli pönnu. Sveppir skornir til helminga eða fjórðunga. Hvítlaukur saxaður og allt steikt við meðalhita, þar til sveppirnir hafa tekið góðan lit. Hrærið oft í þeim á meðan. Á meðan eru þurrkuðu sveppirnir settir í pott með 1 l af vatni, timjankvistinum og grænmetiskraftinum. Hitið að suðu og látið malla smástund. Hellið svo sveppunum og hvítlauknum í pottinn, kryddið og látið þetta sjóða í 6-8 mínútur. Skiptið blómkálinu og spergilkálinu í litla kvisti og bætið út í, hitið aftur að suðu og látið malla í 6-8 mínútur eða þar til kálið verður meyrt. Smakkið súpuna og bætið við örlitlum pipar og hellið henni svo í skál. Ef þið viljið mildari, rjómalagaða súpu má líka hella um 250 ml af rjóma eða matreiðslurjóma í pottinn og láta malla aðeins með. En krassandi þunn súpa er líka góð.



Öðruvísi Jólahlaðborð fyrir hópa

Forréttir
Rjómalöguð sjávarréttasúpa
Karrísíld
Rússnesk rauðrófusíld
Grafinn lax og karfi
Tvíreykt sauðahangikjöt

Aðeins 3.900 kr. á mann!

Ath! Eingöngu afgreitt fyrir hópa
Nánari upplýsingar á sjavarbarinn.is

Aðalréttir
Jólalambakótilettur í raspi
Grillsteikt lambalæri bernaise
Dönsk purusteik
Allt góða og hefðbundna meðlætið



Eftirréttir
Hjónabandssæla
Ís og ávextir

SJÁVARBARINN
SEAFOOD RESTAURANT
Grandagarði 9 - Sími 517 3131 - sjavarbarinn.is

MARAÞON NOW OG 11GB Á 3.990 KR.*
*á mánuði
365

# Jóladraumur í Garðabæ

Bragð og ilmur af jólum fær dásamlega freistandi blæ í höndum Fannars Vernharðssonar, áður fyrirliða landsliðsins í matreiðslu, á girnilegu og glæsilegu jólahlaðborði Mathúss Garðabæjar.

Maturinn í Mathúsinu var afbragðs góður fyrir en nær nú hæstu hæðum eftir að við fengum flottasta kokkadúett landsins í lið með okkur," segir Stefán Magnússon í Mathúsi Garðabæjar. Í eldhúsinu ráða nú ríkjum Fannar Vernharðsson, fyrrverandi fyrirliði landsliðsins í matreiðslu, og matreiðslumeistarinn Garðar Aron Guðbrandsson, sem áður störfuðu saman á Vox.

Þeir Fannar og Garðar standa nú í ströngu við að matbúa gómsætar jólakrásir fyrir glæsilegt jólahlaðborð Mathússins sem verður opnað fimmtudaginn 16. nóvember.

„Við hlökkum mikið til að gleðja matargesti okkar með dýrindis jólamat og hátíðarstemningu," segir Stefán, minnugur einlægrar hamingju jólahlaðborðsgesta Mathússins í fyrra.

„Það er sannkallað jólaævintýri að njóta jólaveislu í Mathúsinu og dekrað við munn og maga. Hér er notaleg samvera og gómsætur matur í fyrirrúmi. Við stjónum við gestina og berum úrval jólaforrétta á borðið til þeirra, sem og lostæta eftirréttina, en aðalréttirnir eru bornir fram á hefðbundnu jólahlaðborði þar sem hver og einn velur sér girnilega jólarétti á disk."

Meðal girnilegra jólakrása Mathúss Garðabæjar er grafinn nautahryggvöðvi, andaconfit, purusteik, heitreyktur lax, nautalund, kirsuberjaís og karamellubrúnkur, og þá er fátt upptalið.

„Mathúsið er fjölskylduvænn staður og við gerum börnum hátt undir höfði í sérinnréttuðu leikherbergi og litlum bíósal, sem heldur þeim uppteknum á meðan fullorðna fólkið vill sitja lengur. Það eru enda blessuð börnin sem ráða ferðinni þegar fjölskyldan fer út að borða, því ef börnin eru ánægð koma foreldrarnir aftur," segir Stefán og bætir við að öll börn fái ís í eftirmat.

Þess má geta að Mathús Garðabæjar gefur Barnaspítala Hringsins 200 krónur af hverri seldri barnamáltíð ásamt því að styrkja duglega við íþróttafélag Stjörnunnar.

## Draumur sem rættist

Mathús Garðabæjar er draumur sem rættist hjá matreiðslumeistaranum Stefáni Magnússyni um að opna lifandi og eftirsóttan veitingastað með fyrsta flokks matargerð í hjarta heimabæjar síns.

„Ég er Garðbæingur og mikill áhugamaður um íþróttir í bænum. Því styrkjum við körfuknattleikslið félagsins, sem og fimleika- og handbolta Stjörnunnar," upplýsir Stefán sem er gríðarlega áhugasamur um körfuna í Stjörnunni. „Ég reyni að fara á alla leiki í bæði karla- og kvennadeild, og eftir leiki koma liðin alltaf í mat til okkar í Mathúsið," segir hann kátur.

Mathúsið var opnað í maí í fyrra og fóru viðtökurnar fram úr björtustu vonum Stefáns sem var áður yfirkokkur á Argentínu og Vegamótum, og stóð á bak við Kol. Mathúsið hafði lengi verið draumur Stefáns og sá hann einnig um glæsilega innanhússhönnun staðarins.

„Við ákváðum að eltast ekki við ferðamannastrauminn heldur fá til okkar Íslendinga á fjölskylduvænan stað sem býður upp á vandaðan mat sem er matreiddur úr fyrsta flokks hráefni. Mathúsið er afsíðis, fjarri daglegum skarkala og ekki miðsvæðis í stöðugri umferð ferðamanna. Hjá okkur geta því fjölskyldur, vinir og vinnufélagar sest að borði yfir góðum mat í yndislegu rými og unað sér vel," segir Stefán.

Jólahlaðborð Mathúss Garðabæjar hefst 16. nóvember og frá 18. nóvember verður boðið upp á jólabröns um helgar. Bókanir raðast hratt inn og er mælt með því að bóka borð sem fyrst.



Mathús Garðabæjar er fjölskylduvænn staður þar sem börnum er líka gert hátt undir höfði. Orðspor af gómsætum mat hefur farið víða og koma gestir hvaðanæva af landinu. Garðbæingurinn og matreiðslumaðurinn Stefán Magnússon er eigandi Mathússins og hafði veg og vanda af glæsilegu útliti staðarins. MYND/EYÞÓR

Mathús Garðabæjar er á Garðatorgi 4B. Borðapantanir í síma 571 3775 og á mathus@mathus.is.

## Jólaforréttir

- hreindýrapaté
- reyktar andabringur með valhnetum
- laxatartar með seljurótarremúlaði
- grafinn nautahryggvöðvi

## Jólaaðalréttir

- eplasalat
- grænt salat
- rauðrófu- og perusalat
- rauðkál
- heitreyktur lax
- grafinn lax
- skelfiskur ceviche
- svartbaunabuff
- kalkúnn
- andaconfit
- nautalund
- purusteik
- rótargrænmeti
- kartöflugratín
- sykurbrúnaðar kartöflur
- villisveppasósa
- Madeira-gljái

## Jólaeftirréttir

- ris à l'amande
- hrísgrjón
- vanilla
- hvít súkkulaðimús
- kirsuber
- karamella
- möndlur
- kirsuberjaís
- smákökur
- karamellu-brownies
- makkarónur



Meðal rétta á jólahlaðborði Mathússins eru dýrindis nautalundir.



Kokkarnir Fannar Vernharðsson og Garðar Aron Guðbrandsson sjá um að gleðja munn og maga matargesta.

# Galdurinn er að krydda

Snorri Sigurfinnsson, matreiðslumeistari á Messanum, er alinn upp við að borða fisk fjórum sinnum í viku. Hann segir galdurinn á bak við góðan fisk að elda hann á heitri pönnu og krydda vel. Messinn, Lækjargötu, færði út kvíarnar í vikunni og opnaði nýjan stað úti á Granda.

Vera Einarsdóttir
vera@365.is





Snorri hefur alltaf haft gaman af því að matreiða fisk. MYND/ANTON

Snorri útskrifaðist sem matreiðslumaður árið 2010 og hlaut meistararéttindi fimm árum síðar. Hann hefur komið víða við og starfaði meðal annars á veitingastað í Frakklandi þar sem allt var eldað frá grunni. Árið 2015 gekk hann til liðs við veitingamanninn Jón Mýrdal sem gekk með þá hugmynd í maganum að opna veitingastað í ætt við Tjöruhúsið á Ísafirði þar sem fiskréttir eru bornir fram á heitri pönnu.

„Jón var kominn með húsnæði í Lækjargötu 6 en við tókum okkur marga mánuði í að innrétta staðinn áður en hin eiginlega eldamennska hófst,“ segir Snorri. Staðinn hönnuðu þeir í samstarfi við Axel Hrafnkel Jóhannesson, eða Langa Sela eins og hann er kallaður. Hugmyndin er að gestir fái á tilfinninguna að þeir gangi inn í gamalt skip. Á móti innganginum blasir við stýrishús með kýrauga og öðru tilheyrandi en þar fyrir innan er eldhúsið. Barinn er úr hvít- og rauðmáluðum panel sem táknar skipsskrokkinn og í loftinu hanga ljós úr gömlu skemmtiferðaskipi. Maturinn er borinn á borð á rjúkandi koparpönnu og stemningin heimilis- eða öllu heldur sjóaraleg eftir því.

Messanum í Lækjargötu hefur verið vel tekið og hefur verið fullt út úr dyrum frá opnun. Þá situr hann í öðru sæti í á lista TripAdvisor yfir bestu veitingastaði bæjarins. „Þar er hins vegar aðeins takmarkað sætaframboð og til að mynda erfitt að taka á móti hópum. Þess vegna ákváðum við að færa út kvíarnar,“ segir Snorri en á nýja staðnum í Sjóminjasafninu eru sæti fyrir 120 manns. Þar tekur hönnunin líka mið af sjómennskunni en við það bætist stórfenglegt útsýni yfir Reykjavíkurhöfn.

„Á Granda verðum við, ólíkt Messanum í Lækjargötu þar sem þjónað er til borðs, með hlaðborð bæði í hádeginu og á kvöldin. Boðið verður upp á sömu pönnur og í Lækjargötu auk þess sem við komum til með að bæta nýjum við.

En hver er galdurinn á bak við góðan fisk? „Það er að elda hann á nógu heitri pönnu og krydda hann nógu vel,“ segir Snorri en honum var kennt að ef matur væri ekki nægilega kryddaður væri hann einfaldlega ekki sérlega góður. „Eins þarftu að hafa tilfinningu fyrir því sem þú ert að gera.“

Aðspurður segist hann alltaf hafa verið mikill fiskmaður. „Mamma mín er frá Ólafsvík og ég er kominn af sjómönnum langt aftur í ættir. Ég var þess vegna alinn upp við að borða fisk fjórum sinnum í viku og finnst virkilega gaman að matreiða hann. Þá leggjum við á Messanum mikla áherslu á að vera alltaf með eins ferskan fisk og grænmeti og völ er á og það skilar sér út í bragðið.“

Snorri deilir hér einni af nýjustu uppskriftum Messans.

## Aldamótakarfi

fyrir tvo til fjóra

(500-600 g fiskur)
500 g hveiti
100 g aromat
60 g chili-duft

Veltið fiskinum upp úr ofangreindu og setjið á heita pönnu með smá olíu. Kryddið með salti, svörtum pipar og chili-dufti eftir smekk.

## Sósa og meðlæti

150 g sellerírót (skorin í teninga og látin liggja í 50/50 eplaediki og vatni yfir nótt)
100 ml hvítvín
200 ml rjómi
200 g sýrður rjómi 18%
80 g chili-sósa
100 g maís (gular baunir í dós)
1 msk. estragon, þurrt
Steinselja eftir smekk

Allt sett ofan á fiskinn áður en hann er borinn fram á pönnunni. Borið fram með íslenskum kartöflum og salati.



Á Messanum í Sjóminjasafninu verður boðið upp á fiskihlaðborð í hádeginu og á kvöldin.




ESSENSIA
RESTAURANT 101 REYKJAVIK
The Lobster Pizza
Icelandic langoustines, tomatoes, garlic, chili, mascarpone, ricotta, lemon
Hverfisgata 6, 101 Reykjavík · +354 517 0030 · essensia@essensia.is · www.essensia.is
Essensia
Essensiareykjavik

# Kryddað lamb á hrekkjavöku

**Það þarf ekkert sérstaklega að hrekkja fjölskylduna sína á hrekkjavökunni á morgun. Kryddaður pottréttur passar hins vegar ágætlega á svona degi. Bragðmikill lambakjötsréttur á kosningadegi og eplakaka á eftir. Hér kemur hugmynd að slíkum kvöldverði.**



Lambapottréttur með framandi bragðefnum getur kryddað daginn.

Lambakjöt er vinsælt í arabalöndum og þar er fólk ófeimið við að krydda kjötið með alls kyns bragðtegundum. Væri ekki gaman að prófa sig áfram með krydd og íslenska lambið? Hér er uppskrift að arabískum pottrétti. Uppskriftin miðast við sex.

## Arabískur pottréttur með lambakjöti

**1 ½ kg lambakjöt á beini**
**3 msk. olía**
**1 tsk. svartur pipar**
**1 tsk. cumin**
**1 tsk. kardimommur**
**1 tsk. túrmerík**
**1 tsk. kanill**
**1 tsk. salt**
**6 hvítlauksrif, smátt skorin**
**2 msk. maizena**
**1 tsk. sykur**
**5 dl hrein jógúrt**
**2 tsk. tómatpuré**

Brúnið kjötið í olíu og leggið það í eldfast form. Blandið öllu saman sem er talið upp í uppskriftinni og hellið yfir kjötið. Það má bæta grænmeti í réttinn, gulrótum, sætum kartöflum eða öðru því sem fólk vill.

Setjið í 200°C heitan ofn og eldið í um það bil eina og hálfa klukkustund eða þar til kjötið er orðið meyrt. Gott er að breiða álpappír yfir formið.

Berið réttinn fram með hrísgrjónum eða kúskús og hrásalati.

## Eplakaka fyrir marga

Mjög góð eplakaka sem slær alltaf í gegn. Þetta er stór uppskrift en kakan geymist vel og það má alltaf hita hana upp í örbylgjunni.

**7 epli**
**Safi úr einni sítrónu**
**½ kg mjúkt smjör**
**½ kg sykur**
**8 egg**
**½ kg hveiti**
**3 tsk. vanillusykur**
**3 tsk. lyftiduft**
**2 msk. smjör til að smyrja á bökunarplötu**
**Það sem fer ofan á kökuna er:**
**2 msk. sykur**
**1 msk. kanill**
**100 g grófhakkaðar möndlur og hnetur**

Hitið ofninn í 190°C. Skrælið eplin og fjarlægið kjarnann úr þeim. Skerið þau í sneiðar. Leggið þær síðan í skál með köldu vatni og sítrónusafa.



Eplakaka með rjóma eða ís. Góð sem eftirréttur eða með kaffinu.

Þeytið smjör og sykur þar til blandan verður létt og ljós. Bætið þá eggjum við, einu í einu og hrærið vel saman. Sigtið hveiti, vanillusykur og lyftiduft og hrærið saman við smjörkremið. Smyrjið ofnskúffuna með smjöri og setjið blönduna yfir allan flötinn.

Stingið eplasneiðum ofan í deigið þannig að fallegt mynstur verði til. Setjið þær þétt saman þangað til allt er búið.

Hrærið létt saman sykur, kanil, möndlur og hnetur og dreifið yfir eplin. Setjið deigið inn í ofninn og bakið í 45 mínútur. Kælið örlítið áður en borið er fram með þeyttum rjóma eða ís.


JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Kemur út þriðjudaginn 28. nóvember.

Skemmtilegt blað sem kemur inn á allar hliðar jólaundirbúningsins.
Uppflettirit sem lesendur leita í aftur og aftur.

Yfir 100 síður

Viltu þú auglýsa í mest lesna jólablaði landsins?*

Hafðu þá samband við auglýsingadeild Fréttablaðsins.
Sími 512 5402 – serblod@365.is

*Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins samkvæmt prentmiðlamælingu Gallup september 2017




Gæði – alla leið!
ÍSLENSKA SVEITIN OG SS – FYRIR ÞIG
„Fyrir mig skipta gæði hráefnisins öllu máli.
Það er frábært að vita að SS, fyrirtæki í eigu bændanna sjálfra, sækir gripina heim á bæ og tryggir gæði alla leið. Það gerir mína matseld enn betri."
Systkinin í Efstadal eru hluti þeirra 900 bænda sem saman eiga SS.
RAGNAR FREYR INGVARSSON
LÆKNIRINN Í ELDHÚSINU
SS
Síðan 1907




# Hrekkjavökuritsmiðja fyrir börn

Draugasögur, skrímslasögur, hrollvekjur og annað ógnvænlegt er nauðsynlegur undirbúningur hrekkjavökunnar. Borgarbókasafnið, Menningarhús í Grófinni, býður á sunnudaginn upp á hrekkjavökuritsmiðjuna Hroll fyrir börn svo þau geti hrætt líftóruna úr fjölskyldu, vinum og nágrönnum á hrekkjavökunni.

Markús Már Efraím verður leiðbeinandi í smiðjunni en hann hefur undanfarin ár leiðbeint börnum í skapandi skrifum við frístundaheimili, skóla og söfn borgarinnar. Markús er líka mikill aðdáandi hrollvekja og árið 2015 ritstýrði hann og gaf út hrollvekjusafnið Eitthvað illt á leiðinni er, sem skrifað var af 8-9 ára nemendum hans og hlaut meðal annars tvær tilnefningar til Barnabókaverðlauna Reykjavíkur.

Hrekkjavökuritsmiðjan Hrollur stendur yfir frá klukkan 14 til 16, sunnudaginn 29. október.



# Súkkulaði espresso frá Barcelona

Sjóðheitur og dökkur kakóbolli með sterku kaffi er það besta til að rífa sig í gang á vetrarmorgnum. Eftirfarandi uppskrift er vinsæl víða í Evrópu, sérstaklega á Spáni.

- **⅔ bolli sjóðandi vatn**
- **60 g 70% dökkt súkkulaði**
- **1 ⅓ bolli léttmjólk**
- **1 bolli espresso kaffi**
- **¼ bolli kakóduft**
- **¼ bolli dökkur púðursykur**
- **Sneið af appelsínuberki eða appelsínubátur**
- **Rjómaís**

Blandið sjóðandi vatni og súkkulaði í pott og bræðið yfir miðlungshita. Bætið mjólk, espresso, kakói og púðursykri út í og hrærið saman. Hitið í 5 mínútur þar til loftbólur fara að myndast við jaðrana á pottinum, hrærið öðru hvoru í. Látið ekki sjóða. Hellið í fjóra bolla og mokið einni skeið af rjómaís út í ef vill eða þeyttum rjóma.

**www.myrecipes.com**

# Grasker skorin í Garðabæ

Útskorið grasker er eitt sterkasta tákn hrekkjavökunnar. Uppruni hefðarinnar að skera skelfileg andlit í grasker á rætur sínar á Írlandi þar sem rófur gegndu sama hlutverki, nefnilega því að vekja ótta og hrylling hjá gestum og gangandi. Stutt er síðan Íslendingar tóku upp þann sið að skera grasker og setja við útidyrnar svo það vefst fyrir mörgum hvernig á að bera sig að.

Bókasafn Garðabæjar stendur á morgun, laugardag, fyrir hrekkjavökusmiðju þar sem þátttakendum gefst kostur á að skera út grasker og búa til eigin graskerslukt. Það þarf að taka með sér grasker og beittan hníf. Einnig er nauðsynlegt að hafa góða skeið til að skafa innan úr og ílát undir graskersmaukið.

Frekari upplýsingar eru á bókasafninu, Garðatorgi. Gott að tilkynna þátttöku á netfangið bokasafn@gardabaer.is eða í síma 525 8550 til að tryggja sér pláss. Nauðsynlegt er að foreldrar mæti með börnum sínum.

Bókasafnið er staðsett á Garðatorgi 7 og hrekkjavökusmiðjan stendur á milli kl. 11 og 14.



**Graskersútskurður þarf ekki að vera flókinn.**




# Smáauglýsingar



## Bílar & Farartæki

SUZUKI



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðið 154.900.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Það er bannað að mismuna börnum eftir líkamlegri eða andlegri getu

BÍLA GALLERÍ



**NÝR 18 MANNA**

NÝR ! BENZ Sprinter 519 Cdi 18 manna Luxury VIP. Árgerð 2017, Disel, Sjálfskiptur. Einn með öllu ! Tilboðsverð 8.900Þ án vsk. Sjá raðnr 101927 á www.bilagalleri.is



**DEFENDER 7 MANNA**

LAND ROVER DEFENDER 110 NEW 7 manna, Árgerð 2011, Ekinn 91 Þ.km, Disel, 6 gírar. TILBOÐSVERÐ 5.990 Þ. Raðnr.111177.

**Bílagallerí bílasala**
**Hlíðasmári 13, 201 Kópavogur**
**Sími: 554 6700**
**www.bílagalleri.is**

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU ŞAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Tek að mér þrif í heimahúsum. Er vön. Uppl. í s. 783 5886

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Hreinsa þakrennur, ryðbletta þök og tek að mér ýmis verkefni. Uppl. í s.8478704 eða manninn@hotmail.com

### Nudd

Unaðsnudd 105 Reykjavík. S. 781 2666 Natalia

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com






# Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

# Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þ̈ör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

**NUDD/MASSAGES**
Býð upp á heilnudd og slökun, íþróttanudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 22 á kvöldin. S. 894 4817

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun

**KG HÖNNUN**

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

# Atvinna

## Atvinna í boði

**KAFFI MILANO FAXAFENI 11**
Starfsfólk óskast í helgarvinnu. Sendið uppl. á milano@simnet.is









## Skemmtanir


BOLTINN Í BEINNI

HAPPY HOUR ALLA DAGA!! kl. 16-19

**Cafe Catalina**
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

**LEIKIR HELGARINNAR:**
**Laugardaginn 28. okt**
11:15 Man.United - Tottenham
13:50 Liverpool - Huddersfield
16:20 Bournemouth - Chelsea

**Sunnudaginn 29. okt**
15:50 Leicester - Everton

**Rúnar Þór og Klettar spila um helgina.**



Föstudag frá 23:00 - 02:00
Laugardag frá 00:00 -03:00

Gullnáman

Heitur matur í hádeginu alla virka daga • Boltatilboð • Happy hour • Lifandi tónlist allar helgar

**MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS**




Þú getur einnig lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu.

FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum
App Store Google Play Microsoft


GOTT MÁL
Góðgerðarpizza til styrktar þörfu málefni
23.–27. okt.
Öll salan rennur óskipt til Reykjadals
Í sumar- og helgardvöl Reykjadals koma fötluð börn og ungmenni alls staðar að af landinu. Sá peningur sem safnast mun fara í að bæta aðbúnað í Reykjadal og kaup á leiktækjum.
„Það er bæði mikill heiður og einstaklega gefandi að fá að gera Góðgerðarpizzuna í fimmta sinn, og frábært framtak hjá Domino's. Í þetta skiptið nota ég spínat, lauk, sveppi og teriyaki-kjúkling og bæti svo við smá extra styrkleika með heimalagaðri yuzu-jalapeno-sósu, sem gefur henni karakter."
Hrefna Sætran
Lítil 1.895 kr. Miðstærð 3.130 kr. Stór 3.595 kr. Pönnu 3.760 kr.
Domino's
dominos.is Domino's app Sími 58 12345
Síðasti dagur
GÓÐGERÐAR-PIZZUNNAR
er í dag!
Coca-Cola

## Merkisatburðir



**1674 Hallgrímur Pétursson** prestur og skáld deyr, 60 ára að aldri. Hann er eitt helsta trúarskáld Íslendinga. Passíusálmar hans hafa komið út oftar en sextíu sinnum, fyrst 1666.

**1682** Philadelphia er stofnuð í Norður-Ameríku.

**1936** Minnismerki um Niels R. Finsen er afhjúpað í Menntaskólanum í Reykjavík þar sem hann var við nám og lauk stúdentsprófi í júlí 1882. Finsen var brautryðjandi í ljóslækningum og hlaut Nóbelsverðlaun í læknisfræði árið 1903.



**1939** Breski leikarinn **John Cleese** fæðist.



**1955** Sænska akademían veitir **Halldóri Laxness**, fyrstum Íslendinga, Nóbelsverðlaun „fyrir að endurnýja hina miklu íslensku frásagnarlist". Hann veitir verðlaununum viðtöku í Stokkhólmi 10. desember.

**2005** Miklar óeirðir hefjast í París vegna óánægju ungs fólks af erlendum uppruna. Óeirðirnar halda áfram vítt og breitt um landið næstu þrjár vikurnar.

## 90 ár frá stofnun Úrsmiðafélags Íslands

Það var á þessum degi fyrir 90 árum sem Úrsmiðafélag Íslands var stofnað í Reykjavík. Tilgangur félagsins var, og er enn í dag, að vinna að hagsmunamálum þeirra sem starfa innan stéttarinnar.

Björn Ágústsson, formaður Úrsmiðafélags Íslands, segir félagið fámennt en góðmennt. „Við erum í kringum 20 í félaginu, meirihluti starfandi úrsmiðir en nokkrir sem eru nýhættir. Þó við séum fáir þá sinnum við þessu starfi vel. En yfirvöld hafa hins vegar hundsað menntun þessarar stéttar og taka engan þátt. Það er kannski þess vegna sem okkur fækkar. Ég held að meðalaldurinn í félaginu sé um 68 ár," segir Björn og hlær.

„En þeir úrsmiðir sem enn eru starfandi við þessa grein á Íslandi eru með gott félagsstarf og við förum reglulega í endurmenntunarferðir, til að sjá hvað er að gerast í faginu erlendis," útskýrir Björn sem hefur nokkrar áhyggjur af þróun fagsins hér á landi en horfir þó bjartsýnn fram á veginn. „Ég veit að það er einn í námi núna í danska úrsmiðaskólanum og það er mjög gleðilegt. Svo var einn, sem var nemi hjá mér, að útskrifast fyrir ári síðan. Þannig að við horfum bjartir fram á veginn." **– gha**

**Þó við séum fáir þá sinnum við þessu starfi vel. En yfirvöld hafa hins vegar hundsað menntun þessarar stéttar og taka engan þátt.**



---



Ástkær eignkona mín, móðir, amma og langamma,

**Ágústa Sigurðardóttir**
(Dista)

lést þann 18. september. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Úlfar Sigurðsson**
**Björn Úlfarsson** **Alda Úlfarsdóttir**
**Sólveig Úlfarsdóttir**
**Guðbjörg Erla Úlfarsdóttir** **Víðir Leósson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



Ástin mín,

**Árni Yngvi Hermannsson**

lést í faðmi mínum og barna okkar þann 23. október. Útförin fer fram með hans nánustu fjölskyldu og ástvinum.
Þeim sem vilja minnast Árna er bent á líknardeild Landspítalans. Við erum ómetanlega þakklát starfsfólki líknardeildarinnar fyrir takmarkalausa velvild, hlýju og faglega þjónustu. Einnig viljum við þakka Heimahlynningu og Óskari krabbameinslækni fyrir öll þeirra góðu störf.

**Guðríður B. Rail**
**Árni Yngvi Árnason** **Sigríður Kolbrún Jóhannesdóttir**
**Berta Árnadóttir** **Sigurður Júlíusson**
**Bryndís Anna Árnadóttir**
**og okkar yndislegu barnabörn.**

---



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Baldur Guðmundur Matthíasson**
fv. formaður Verkalýðs -og sjómannafélags Sandgerðis, áður til heimilis að Vallargötu 23, Sandgerði,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 21. október sl. Útförin fer fram frá safnaðarheimilinu í Sandgerði þriðjudaginn 31. október kl. 13.00.

**Elísa Baldursdóttir** **Ingþór Karlsson**
**Bylgja Baldursdóttir** **Þóroddur Sævar Guðlaugsson**
**Inga Rós Baldursdóttir** **Einar Hreiðarsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Ástkær bróðir minn, mágur, frændi og vinur,

**Rúnar Magnússon**
Bláskógum, Sólheimum,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands þann 21. október. Útför hans fer fram frá Sólheimakirkju Grímsnesi þann 31. október kl. 15.00.

**Jón Heiðar Magnússon**
**og íbúar á Sólheimum.**

---



Ástkær faðir minn, sonur, bróðir, mágur og frændi,

**Guðmundur Ingi Einarsson**
Suðurgötu 14, Keflavík,

lést á heimili sínu, miðvikudaginn 18. október. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn 31. október kl. 13.00.

**Mikael Máni Norðfjörð Guðmundsson**
**Einar S. Guðmundsson**
**Ingibjörg Hjördís Einarsdóttir**
**Margrét Ósk Einarsdóttir** **Einar Kristjánsson**
**Elísabet Norðfjörð Falvey** **Troy Falvey**
**og frændsystkini.**

---



Elsku eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Gígja**
Lómasölum 10,

lést á Landspítalanum, Hringbraut, þann 25. október síðastliðinn. Jarðarförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Hjördís Jónasdóttir**
**Jónas Guðmundsson**
**María Guðmundsdóttir Gígja** **Gunnar Kristjánsson**
**Geir Gígja** **Jónína Einarsdóttir**
**Svanhvít Ljósbjörg Guðmundsdóttir**
**afabörn og langafabarn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðni Sigurjónsson**
vélstjóri, Boðagranda 2,

lést miðvikudaginn 25. október sl. á Landspítalanum Fossvogi.

**Steinunn Steinarsdóttir**
**Steinar Guðnason** **Jóhanna Runólfsdóttir**
**Guðni Steinarsson** **Hildur Margrét Nielsen**
**Ægir Steinarsson** **Ása Þórdís Ásgeirsdóttir**
**Ingibjörg Steinunn** **Hugrún Anna**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þorbjörn Guðmundsson**
blaðamaður, Kópavogstúni 5,

lést á hjartadeild Landspítalans mánudaginn 23. október. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 1. nóvember klukkan 13.00.

**Sigurrós Sigurðardóttir**
**Kristjana Rós Þorbjörnsdóttir** **Örn Jóhannsson**
**Guðmundur Þorbjörnsson** **Jóhanna Björk Briem**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Olgeirsson**
fæddur í Danmörku, til heimilis að Heiðargerði 1, 190 Vogum,

er látinn. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 1. nóvember klukkan 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Sigurjón Jónsson** **Kolbrún Sjöfn Indriðadóttir**
**Holgeir Jónsson** **Guðbjörg Ragnarsdóttir**
**Magnús Jónsson** **Guðlaug Fjóla Arnardóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

---



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og jarðarfarar

**Guðbjargar Vigfúsdóttur**
fv. skrifstofustjóra Iðnskólans í Reykjavík, Hrafnistu í Reykjavík, áður Árskógum 6, Reykjavík.

Starfsfólki Hrafnistu eru færðar sérstakar þakkir fyrir umhyggju og umönnun.

**Svala Árnadóttir**
**Laufey Aðalsteinsdóttir** **Sigurður Kristjánsson**
**Kristinn Aðalsteinsson** **Christian Wammer**
**Egill Aðalsteinsson** **Anna Margrét Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkæra systir okkar og frænka,

**Sonja Elsa Ágústsdóttir**

lést á heimili sínu þriðjudaginn 17. október. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu í Reykjavík þriðjudaginn 31. október kl. 13.00.

**Ingi Hans Ágústsson**
**Ingibergur Ágústsson**
**Íris Björk Ingadóttir**
**Jóhanna Erika Ingadóttir**




# HELLINGUR AF GÓÐU **STÖFFI**

## MARAÞON NOW OG 11GB Á **3.990 KR.***

Fáðu 11 gígabæt í símann, endalaust mörg símtöl og sms ásamt aðgangi að Maraþon Now.
Maraþon Now inniheldur sumar af fremstu þáttaröðum heims ásamt helling af góðu stöffi.
Nánari upplýsingar um tilboðið á **365.is** eða í síma **1817**.




*á mánuði

MARAÞON NOW + 11GB

365.is | 365

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**139** kr. 500 g
**Bónus Kornbrauð**
500 g

**198** kr. 400 g
**Wewalka Pizzadeig**
Ferskt, 400 g

**698** kr. kg
**Rauð Vínber**
USA

**98** kr. 125 g
**Kjarnafæði Pizzuskinka**
125 g

**198** kr. 100 g
**Pepperoni**
Danskt, 100 g

1 kg
**1.298** kr. 1 kg
**Halloween Súkkulaðikaka**
1 kg

1,2 kg
**1.195** kr. 1,2 kg
**Mackintosh Konfekt**
1,2 kg

1 kg
**2.959** kr. 1 kg
**Mackintosh Konfekt**
1,2 kg

**98** kr. 500 ml
**7up Mojito**
500 ml

ÍSLENSK framleiðsla
**69** kr. 330 ml
**Pepsi eða Pepsi Max**
330 ml

ORKUDRYKKUR
Líka til sykurlaus
**59** kr. 250 ml
**ES Orkudrykkur**
250 ml, 3 teg.

SVEINKI ER KOMINN Í BÓNUS
**249** kr. 330 ml
**Nocco Sveinki**
Orkudrykkur, 330 ml

Verð gildir til og með **29. október** eða meðan birgðir endast.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**FULLELDAÐ**
Aðeins að hita

**300kr** verðlækkun pr. kg

**798** kr. kg

**Ali Spareribs**
Fulleldað - Verð áður 1.098 kr. kg

Matarmiklar súpur
**FULLELDAÐAR**
Aðeins að hita

**1.598** kr. 1 kg

**Ungversk Gúllassúpa**
1 kg

**1.598** kr. 1 kg

**Mexíkósk Kjúklingasúpa**
1 kg

**FULLELDAÐ**
Aðeins að hita

**798** kr. 800 g

**Bónus Buffaló Leggir**
Fulleldaðir, 800 g

**FULLELDAÐ**
Aðeins að hita

**26** stk. í boxi

**498** kr. 800 g

**Bónus Buffaló Vængir**
Fulleldaðir, 800 g

**169** kr. 200 g

**Bónus Sýrður Rjómi**
10%, 200 g

# BÓNUS ALLRA LANDSMANNA

**Af nýslátruðu 2017**

**25%** afsláttur

**FERSK**
Naanbrauð

**224** kr. 250 g

**Stonefire Naanbrauð**
Fersk, 2 teg., 250 g
Verð áður 298 kr.

**1.398** kr. kg

**SS Lambalæri**
Með kryddjurtum, ferskt

**1.259** kr. kg

**Kjarnafæði Lambalæri**
Ferskt, haustslátrun 2017

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Allhvöss eða hvöss vestanátt með rigningu í dag, en stormur austur af Öræfajökli fram eftir degi. Talsverð úrkoma um tíma norðvestanlands. Hægari vindur og úrkomulítið síðdegis. Hiti víða 5 til 10 stig.







**LÉTT**

| | | | | | | | | |
